2.2. Stjórn á eigin lífi	5,1	72	5,0	16.943	0,1
2.3. Vellíðan	4,9	72	4,6	16.946	0,3
2.4. Einelti	4,8	72	5,3	16.947	-0,5*
2.5. Tíðni eineltis	11,3%	8 _{/71}	10,3%	1742 _{/16895}	1,0%
2.6. Staðir eineltis	-	7	-	-	-
2.7. Hreyfing	69,0%	49 _{/71}	70,5%	11746 _{/16655}	-1,5%
2.8. Mataræði	4,3	71	5,0	16.942	-0,7*

Skóla- og bekkjarandi:

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	70	4,9	16.908	0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	6,3	70	5,5	16.935	0,8*
3.3. Agi í tímum	5,7	70	5,1	16.924	0,6*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,7	69	5,4	16.896	0,3
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,0	69	5,0	16.906	0,0

3.4. Sjálfsmat Skýjaborgar

Matsáætlun leikskólans tengist markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá leikskólans.

Á hverju ári

- Unnið er út frá matsaðferðinni Barnið í brennidepli. Skólaárið 2013-2014 var lögð áhersla á að meta:
 - Stjórnun
 - Stuðning við börn og fjölskyldur þeirra
- Kynningarfundir fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl / starfsmannakannanir – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.

- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Nánari upplýsingar um sjálfsmat og niðurstöður er að finna í sjálfsmatsskýrslu skólans.

3.4.1 Þróunar- og umbótaáætlun Skýjaborgar 2014-2015

Mikil almenn ánægja er með leikskólastarfið og fáar athugasemdir borist er varða starfið. Mikilvægt er að halda áfram því góða starfi sem unnið er.

Athugasemdir sem komu fram við gerð sjálfsmatsins lúta flestar að aðbúnaði í leikskólanum. Það vantar að bæta starfsmannaaðstöðu og búnað inni á deildum. Gerð verður úttekt á því hvað helst þarf að bæta og komið til sveitarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar.

Leikskólinn fékk síðastliðið skólaár íþad fyrir alla starfsmenn og einnig íþada til að nota inni á deildum. Mikilvægt er að starfsfólk nái góðum tókum á að nota íþad í vinnu með börnunum og að haldið verði vel utan um það verkefni. Skoða þarf vel hvaða öpp henta best og að starfsmenn verði færir í að nota þau. Einnig vinna íþadar ekki vel með tölvum sem til eru og þarf að skoða endurnýjun tölvubúnaðar með það í huga. Hluti af stöðugildi verkefnastjóra tækniþróunar verður sett á starfsmann leikskólans til að halda betur utan um verkefnið í leikskólanum.

Ákveðið var að prufa að setja upp Facebook síðu fyrir hvora deild til að miðla upplýsingum um skólastarfið til foreldra. Verið er að setja upp nýja heimasíðu fyrir leikskólann.

Á næsta skólaári verður unnið áfram með Byrjendalæsi / leikskólalæsi og könnunaraðferðina í skipulögðu starfi. Leikskólinn ætlar að taka þátt í samstarfi nokkurra leikskóla sem kalla sig Birtuskólar, en þar koma saman skólar sem hafa jóga og umhverfismennt að leiðarljósi í starfi sínu. Leikskólinn verður einnig þátttakandi í Nordplus verkefni ásamt leikskólum í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Noregi. Verkefnið ber vinnuheitið „Winnie the Pooh and the hundred acre wood“ og miðar að því að skólarnir þrói og miðli hugmyndum og aðferðum í útinámi og útileik barna.

Í vetur verður farið í að skoða verkefnið Heilsueflandi leikskóli, en leikskólinn stefnir að því að verða þátttakandi í verkefninu og vinna að heilsueflingu í öllu starfi.

3.5. Ytra mat – fagleg úttekt MSHA

Í byrjun árs 2015 fór sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þess á leit við miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) að gerð yrði fagleg úttekt á skólastarfi í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Óskað var eftir að varpað yrði ljósi á styrkleika skólastarfsins og tækifæri til að auka gæði og árangur þess t.d. með því að þróa ytra og innra skipulag, hugarfar og starfshætti. Í byrjun febrúar 2015 var hafist handa við undirbúning og framkvæmd úttektarinnar. Í skýrslunni er lýst markmiðum úttektarinnar, framkvæmd og gagnaöflun og gerð grein fyrir fræðilegri umgjörð og niðurstöðum.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hafði umsjón með úttektinni og að henni komu fyrir hönd MSHA Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Sólveig Zophoníasdóttir.

3.5.1. Markmið, framkvæmd og gagnaöflun

Úttektin er faglegs eðlis og markmið hennar að varpa ljósi á stöðu skólastarfs í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar styrkleika þess og tækifæri til umbóta með það að markmiði að finna leiðir til að efla það enn frekar og auka gæði þannig að skólastarfið þjóni sem best íbúum í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi markmið voru höfð að leiðarljósi við úttektina:

- Varpa ljósi á faglega stöðu skólans
- Styrkleika og tækifæri til að efla og auka gæði
- Hvetja skólasamfélagið (annað starfsfólk en kennara, foreldra, kennara, nemendur og stjórnendur) til að ígrunda skólastarfið og þróun þess
- Leita leiða til að nýta faglegan auð skólans á skapandi, árangursríkan og skynsaman hátt
- Leita tækifæra í skólanum til að ná meiri árangri og vinna markvissar og betur saman
- Hlusta á og vinna úr sjónarmiðum hópa skólasamfélagsins í því skyni að efla faglegt skólastarf
- Setja fram hugmyndir að leiðum til að efla faglegt skólastarf

3.5.2. Niðurstöður og umræður

Hér verður varpað ljósi á helstu niðurstöður úttektarinnar. Gerð grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta með það að markmiði að auka enn frekar faglegt starf í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í úttektarferlinu voru faglegir þættir skólastarfs greindir út frá meginþemum sem byggja á einkennum lærdómssamfélags og lögð voru til grundvallar úttektarferlinu. Til þess að efla skólasamfélagið sem lærdómssamfélag þarf að huga að einkennum þess sem nefnd eru hér á undan. Þessir þættir tengjast bæði skipulagi skólastarfsins og menningu. Þó mikilvægt sé að þekkja einkenni lærdómssamfélags er nauðsynlegt að hafa í huga að það eru ekki einkennin ein og sér sem skipta mestu máli heldur hvernig þau fléttast saman og styðja við innra starf skólanna og skólasamfélagið í heild (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Undirkaflaheitin vísa í áherslupætti lærdómssamfélags og aðalnámskrár og lýkur hverjum undirkafla með samantekt á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.

3.5.3. Styrkleikar og tækifæri

Styrkleikar

- Skólastefnan og drög að skólanámskrá er vel kynnt
- Sátt ríkir um áherslur/gildi skólans
- Skipurit skýrt
- Gott aðgengi að stoðþjónustu utan skólans
- Jákvæður skólabragur
- Gott og lausnamiðað starfsfólk
- Fjölbreytt og hvetjandi námsumhverfi
- Sveigjanlegir og fjölbreyttir kennsluhættir
- Námsaðlögun
- Starfsfólk er tilbúið til að leggja mikið á sig og láta hlutina ganga
- Starfsfólk almennt ánægt með starfsþróun/endurmenntun
- Foreldrar almennt ánægðir með samstarf heimilis og skóla
- Skólinn er vel búinn spjaldtölvum
- Skólinn er Grænánaskóli og rík áhersla á umhverfismennt
- Áhersla á að nýta snjalltæki til náms og kennslu

Tækifæri:

- Byggja upp öflugra lærdómssamfélag
- Festa gildi skólans betur í sessi
- Skýra þarf hlutverk skólastjóra m.t.t. leik- og grunnskólasviðs
- Hafa annað starfsfólk en kennara meira með í ráðum og skýra boðleiðir
- Tryggja stöðugleika í verkefnastjórnastöðum
- Vinna markvisst að heildarmynd um skólastarfið
- Tryggja eftirfylgd varðandi skipulag og ákvarðanir
- Endurskoða starfshætti og utnumhald á unglingastigi og móta umbótaáætlun
- Samræma betur starfshætti á mismunandi stigum
- Fækka einyrkjum og auka teymisvinnu
- Bæta húsnæði leikskólasviðs
- Fjölga fagfólki á leikskólasviði
- Efla faglegt samstarf leik- og grunnskólasviðs
- Bæta þarf upplýsingaflæði á unglingastigi til foreldra
- Skipuleggja hvernig upplýsingum er miðlað til foreldra

- Meta árangur þróunarverkefna
- Ganga frá skólanámskrá

3.5.4. Viðbrögð stjórnenda við faglegri úttekt

Skólastefna og skólanámskrá

Tækifæri: Festa þarf gildi skólans betur í sessi og er vinna við það hafin. Fyrir liggur endurskoðun á skólastefnu Hvalfjarðarsveitar og þar liggja tækifæri til frekari framþróunar. Gera þarf vinnu með grunnþætti menntunar markvissari.

- Í starfsáætlun leikskólans fyrir næsta skólaár liggur fyrir að vinna með gildi skólans. Á starfsdegi í september verður lagður grunnur að þeirri vinnu.
- Í grunnskólanum eru gildin sýnileg öllum þeim sem koma í skólann. Á sínum tíma þegar þau voru skilgreind þá fór vinna fram með nemendum og starfsfólki skólann. Á starfsmannafundi í sept núna í haust verður rætt enn frekar hvernig við vinnum áfram með gildin og festum þau í sessi í skólastarfinu.
- Grunnþættir menntunar sem koma fram í aðalnámskránni voru skilgeindir í stefnumótunarvinnu skólans, jafnframt voru markaðar leiðir að markmiðum hvers þáttar. Á kennarafundi í sept núna í haust verða þessar leiðir metnar og endurskoðaðar ef þess þarf.

Stjórnun, fagleg forysta, stefnumótun og mannauður

Tækifæri: Að skýra betur og efla hlutverk skólastjóra á leikskólasviðinu þannig að faglegur styrkur hans nýtist betur á leikskólasviðinu. Það getur orðið til þess að styrkja sviðin í starfi sínu og stuðlað að meiri samhug um skólastarfið og markvissari eftirfylgd við sýn skólans, stefnu og gildi. Að skýra betur hlutverk og ábyrgð sviðstjóra á grunnskólasviði þá tvo daga vikunnar sem skólastjóri er staddur á leikskólasviði. Tryggja að öllum á grunnskólasviði sé ljóst hvert skuli leita þá daga sem skólastjóri er staðsettur á leikskólasviði og að sátt ríki um boðleiðirnar. Stuðla að samstarfsmenningu þar sem allt starfsfólk er haft með í ráðum þegar við á og skýra boðleiðir til og á milli hópa þegar ákvarðanir eru teknar. Gæta þess að ekki myndist gjá milli kennara og annars starfsfólks. Tryggja þarf stöðugleika í verkefnastjórástöðum og reglulegt mat á þróunarverkefnum.

- Í sept verður hlutverk og viðvera skólastjóra á hvoru sviði endurskoðað, sömuleiðis verkaskipting stjórnenda, boðleiðir skýrðar og starfslýsingar endurskoðaðar ef þess þarf.
- Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði í grunnskólanum, að auki verður bætt við sér fundi með almennum starfsmönnum annan hvern miðvikudag í 30 mín til að auka upplýsingaflæði, verkefni hvers og eins og ræða viðburði sem framundan eru. Að auki verður lögð áhersla á að ljúka við handbók starfsmanna sem kemur til með að skýra upp verkefni og hlutverk hvers og eins í sér verkefnum/viðburðum skólans.

- Æskilegt er að skólinn hafi svigrúm fyrir 1-2 verkefnastjóra á hverju skólaári til að eiga möguleika á því að styðja vel við þróunarverkefni. Það er verkefni stjórnenda að tryggja fjármagn á fjárhagsáætlun til að svo geti orðið.
- Leik- og grunnskólinn notar gæðagreini í sjálfsmatsvinnu. Gerðir verða sér kaflar sem taka sérstaklega á þróunarverkefnum skólans þannig að reglulegt mat fari fram á þeim.

Skólabragur, viðhorf og líðan

Tækifæri: Að leggja áherslu á uppbyggilega og árangursríka samstarfsmenningu á milli leik- og grunnskólasviðs. Samræma eftir hvaða hugmyndafræði er unnið þegar kemur að uppeldisstefnu.

- Í mati á skólasamstarfi sem gert er ár hvert og snýr aðallega að skólaheimsóknum elstu barna leikskólans í grunnskólann kemur fram að mikil ánægja er með samstarfið og að það skili öruggum og glöðum börnum frá leikskóla til grunnskóla.
- Mikið samstarf er með sérþjónustu leikskóla og grunnskóla og hefur það skilað sér í að stígandi er í inngrípum og upplýsingar fara milli skólastiga er varða stöðu einstakra barna.
- Fram kemur að starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með skólastarfið og ekki koma fram ábendingar um að breytinga sé þörf í leikskólanum hvað varðar uppeldisstefnu. Í skólanámskrárvinnunni var farið yfir uppeldisstefnu skólanna sem er ólík. Ekki náðist samstaða um að breyta á hvorugu sviði. Þetta verður rætt á stjórnendafundi í sept, þ.e. hvort ástæða sé til að samræma uppeldisstefnur.
- Mikilvægt er að hugað sé að starfsfólki á báðum skólastigum þegar kemur að endur- og símenntun. Ólíkt skipulag skóla hefur gert erfitt fyrir þar sem leikskólinn hefur lítinn fundartíma á skólatíma.
- Ýmislegt er gert til að stuðla að sterkari samstarfsmenningu og einingu innan stofnunarinnar, m.a. er haldinn sameiginlegur starfsdagur að hausti, sameiginlegt jólahlaðborð, í einhverjum tilfella þegar hentar eru fyrirlesarar og námskeið samnýtt, farið verður í gerð læsisstefnu í haust sem kemur til með að eiga við elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans, nú þegar er unnið saman með byrjendalæsi og ágætis reynsla er komin á Skýjaborgarval unglunga.

Nám, kennsla og árangur

Tækifæri: Það þarf að fylgja betur eftir sameiginlegum ákvörðunum varðandi skipulag og stefnu. Það þarf að vinna markvissar með, styðja betur við og fylgja eftir námsmarkmiðasetningu nemenda. Brýnt er að endurskoða starfshætti og efla utanumhald á unglingastigi. Það þarf að leita leiða til að efla trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi. Mikilvægt að auka samræðu og samfellu á milli miðstigs og unglingastigs. Huga þarf að samræmi í starfsháttum á mismunandi stigum eins og við á. Meta þarf reglulega og markvisst hvort starfshættir og þróunarstarf beri árangur.

- Fram kemur í skýrslunni að starfsfólk metur árangur af starfsháttum sínum reglulega og breytir og bætir í samræmi við þær niðurstöður. Foreldrar eru ánægðir með áherslur leikskólans á nám í gegnum leikinn og þemavinnu sem unnin er með könnunaraðferðinni og telja sýnilegan árangur af vinnunni.
- Í sjálfsmatsvinnu leikskólans kom fram að efla þurfi upplýsingaflæði innan deilda varðandi börn sem njóta sérþjónustu og verður unnið að breytingum á því fyrirkomulagi.
- Í grunnskólanum var núna á vormánuðum kennsluskipulagi skólans gjörbreytt þannig að í haust verður kennt og unnið í teymin; yngstastigs, miðstigs, elstastigs og list- og verkgreinastigs. Hvert teymi fær starfslýsingu sem inniheldur m.a. skilgreiningu á verkefnum, starfsháttum og ut anumhaldi. Hvert teymi á síðan að búa sér til starfsáætlun fyrir veturinn þar sem starfslýsingin er útfærð á milli teymisaðila, tiltekið verður hvernig eigi að ná markmiðum aðalnámskrár, stefnu skólans, samstarf við hluteigandi aðila, samfella og samræða verði við aðra innan skólans.
- Auk þess verður rætt sérstaklega á kennarafundum í vetur um samstarf, samfelli innan og milli stiga.
- Leitað verður til faglegra sérfræðinga til að ræða þróunarstarf skólans; hvernig það er framkvæmt og metið til árangurs.
- Stuðst verður við aðferðafræði og hugmynda um lærdómssamfélag og lögð verður áhersla á fólk deili með öðrum hugmyndum sínum og verkefnum, þau rædd, starfshættir greindir, leitað sameiginlegra leiða til að bæta vinnubrögð, innleiða ný og stuðla að betri árangri nemenda.

Faglegt samstarf og innra mat

Tækifæri: Á leikskólasviði er vilji til að fjölga fagfólki/leikskólakennurum. Það þarf að gera áætlun um að bæta húsnaði leikskólasviðs; starfsmannaðstöðu, eldhús og hreyfisál. Mikil tækifæri til að bæta skólastarf felast í að auka samvinnu milli starfsfólks á grunnskólasviði, fækka einyrkjum og auka teymisvinnu. Einnig eru tækifæri til að skerpa á markmiðum útnámsins og skapa formlegri umgjörð um það. Styðja betur við starfsþróun ófaglærðs starfsfólks. Efla enn frekar faglegt samstarf leik- og grunnskólasviðs. Gera skipulag og áætlanir um innra mat og umbætur sýnilegrar á leikskólasviðinu

- Mikilvægt að kynna betur starfsáætlun leikskólans og hafa umræðu um umbæturnar oftast yfir skólaárið. Í starfsáætlun fyrir næsta skólaár er lagt upp með að efla skráningu á fundum og hafa að markmiði að halda fundi reglulega, deildarfundir og deildarstjórafundir, þótt það vanti fólk.
- Breytingar á aðstöðu eru á hendi sveitarstjórnar að laga en brýnt er að bregðast við fljótlegra því plássleysi er yfirvofandi í leikskólanum.
- Með því að breyta kennsluskipulagi í grunnskólanum yfir í teymiskennslu þar sem vel skilgreind starfslýsing liggur til grundvallar að þá er verið að auka samvinnu og treysta samstarf innan og milli teyma. Vinnutími kennara hefur rýmkað sem gefur þeim aukið tækifæri á hvers konar samstarfi og samráði innan og utan skólans.

- Boðið verður upp á námskeið fyrir ófaglærða í samráði við þá á starfsdögum skólans eftir því sem við á.
- Faglegt samstarf er töluvert á milli leik- og grunnskólans og kemur það fram í skólanámskrá skólans. Á síðasta vetri var byrjað á samstarfi sem lýtur að byrjendalæsinu og verður því framhaldið í vetur og útfært enn frekar í læsisstefnu leik- og grunnskólans.
- Hausti 2016 fara skólarnir báðir í sameiginlegt verkefni sem verður heilsueflandi leik- og grunnskóli.

Samskipti heimila og skóla

Tækifæri: Bæta þarf upplýsingaflæði á unglingastigi og tryggja að allir fylgi því sem ákveðið hefur verið sameiginlega. Skipuleggja þarf betur hvernig upplýsingum er miðlað svo það verði auðveldara fyrir foreldra að fylgjast með.

- Fram kemur í styrkleikum að ánægja sé með samskipti og upplýsingaflæði hjá leikskólanum. Mikilvægt að upplýsingaflæði sé í forgangi þrátt fyrir manneklu.
- Með vel skilgreindri teymiskennslu í grunnskólanum, þar sem starfslýsing teyma liggur fyrir, er verið að efla nám og kennslu, utanumhald, upplýsingaflæði og hvers konar samstarf innan og utan skóla. Stjórnendur koma til með að fylgja þessari vinnu vel eftir, veita stuðning og aðhald eftir því sem við á.

3.6. Samstarf leik- og grunnskóla

Fundur vegna skólasamstarfsins miðvikudaginn 24. september 2014

Mættar: Jónella, Magga Sigga, Helga, Alexandra, Berglind, Þórdís og Sigga Lára

Helstu niðurstöður:

- Síðasti vetur gekk vel.
- Fyrsti dagur í Heiðarskóla 8. október.
- Sleppum heimsóknnum grunnskólakennaranna í Skýjaborg.
- Sameiginleg vettvangsferð samstarfshópsins (elsti árgangur og 1. bekkur) 22. október í Furuhlíð.
- Sundtímar fyrir áramót og íþróttir eftir áramót.
- Leiktímar fyrstu 4 skiptin.
- Undirbúningur fyrir Fullveldishátíð fyrir áramót - Alexandra fylgir.
- Útinám og hreyfing eftir áramót - Helena fylgir.

Tímar í stundatöflu Heiðarskóla

- Sundtími kl. 9:30 - 10:10 (gott að mæta fyrr og fara fyrr upp úr því næsti tími er í beinu framhaldi)
- Tími með 1. bekk, Berglindi og Alexöndru kl. 10:10 - 10:50
- Frímínútur kl. 10:10 - 11:10
- Bókasafn með Jónellu kl. 11:10 - 11:50

Fundur 19. febrúar - Skólasamstarfið

Mættar: Magga Sigga, Jónella, Berglind, Helena, Helga og Sigga Lára

Hvað var gert á haustönn og hvernig gekk?

Ein heimsókn grunnskólabarna í Skýjaborg. Gekk vel, börnin nutu þess að fá að koma í leikskólann sinn, hitta vini sína og leika.

Leikskólabörnin komu 8 sinnum í Heiðarskóla og byrjuðu daginn á sundi, fóru síðan í beinu framhaldi og hittu vini sína í 1. bekk ásamt Berglind. Til stóð að Alexandra tónmenntakennari yrði með í þessum tíma en af ýmsum ástæðum var lítið um það. Eftir þennan tíma æfðu börnin sig í að fara í frímínútur og enduðu daginn á bókasafninu.

Það kom mjög vel út að kenna eingöngu sund á haustönn, börn og foreldrar örugg með sundfatnað alla önnina og ekkert stress meðal barnanna um hvað þau væru að fara að gera. Börnin náðu mjög góðri aðlögun í vatni á tímabilinu, tóku miklum framförum. Skólasamstarfshópurinn mælir með sundnámskeiði í vor líkt og var síðasta vor.

Tími í töflu með Berglindi, Alexöndru og 1. bekk gekk vel. Hann var nýttur í leik og störf en var oft stuttur í annan endann þar sem börnin voru lengi að koma úr sundi.

Gott að enda skólastundina á bókasafninu, þar voru börnin örugg, hlustuðu á sögur, fengu að skoða bækur og leika í lokin.

Hvað á að gera á vorönn?

Kennaraskipti verða í Heiðarskóla.

Alexandra var með tíma í töflu fyrir áramót með áherslu á undirbúning fyrir Fullveldishátíð skólans en nú tekur Helena við með áherslu á umhverfismenntina og útinám. Þessi tími er með Berglindi og 1. bekknum og hugsaður til samstarfsverkefna barnanna.

Helga Harðar sem var með sundkennsluna hættir og Helena tekur við og kennir íþróttir á vorönninni. Gert ráð fyrir að tíminn með 1. bekk sem er í beinu framhaldi af íþróttatímanum nýtist betur þar sem börnin þurfa ekki að fara í sturtu eins og eftir sundtímana. Stefnt að því að leyfa börnunum að fara í tölvur, smíði, stöðvavinnu og útinám.

Bókasafnstíminn hjá Jónellu verður með svipuðu sniði og fyrir áramótin.

Síðustu fjögur skiptin sem leikskólabörnin koma í Heiðarskóla borða þau hádegismat klukkan 11:50.

Börnin í 1. bekk heimsækja vini sína í Skýjaborg í vikunni 6. – 10. apríl. Dvelja þar frá klukkan 9 – 11:30 og fá að leika inni og úti.

Sameiginleg lokaferð í maí. Dagsetning óákveðin en stefnt að því að fara á Akranes t.d. á Langasand og skógræktarsvæðið og grilla saman í lokin.

Dagsetningar leikskólabarna í Heiðarskóla vorönn 2015:

- 25. febrúar – íþróttir
- Mars – íþróttir
- 11. mars. – íþróttir: Nemendur í 7. bekk lesa fyrir leikskólabörnin í bókasafnstímanum klukkan 11.10
- 18. mars – íþróttir – hádegismatur klukkan 11:50
- 25. mars – íþróttir – hádegismatur klukkan 11:50
- 8. apríl – íþróttir – hádegismatur klukkan 11:50
- 15. apríl – íþróttir – hádegismatur klukkan 11:50
- Maí – sameiginleg lokaferð á Akranes, dagsetning kemur síðar.

Samantekt í júní 2015 og tillögur að breytingum

Frá Berglindi: „Að mínu mati gekk skólasamstarfið vel. Mér fannst leikskólabörnin ánægð með tímana sem voru í boði. Þau fengu að kynna öllu því helsta í skólastarfi. Við komum því reyndar ekki fyrir að fara í tölvustofuna, væri gaman að koma því fyrir á næsta ári. Einnig voru þær heimsóknir sem við fórum í í leikskólann, mjög vel heppnaðar. Börnin voru rosalega glöð að fá að leika, síðasta heimsókn hefði mátt vera lengri, við lékum okkur einungis úti. Þau hefðu viljað leika líka inni. Kannski ættum við bara að hafa fleiri heimsóknir;) Varðandi vorferðina sem átti að vera nú í lok árs, það er rosalega mikið að gera hjá 1. bekk á þeim tíma sem möguleiki er að fara í þessa ferð, hvað varðar veðurfar. Ég var að hugsa að kannski væri skemmtilegt að breyta þessu fyrirkomulagi og fara fyrr í þessa ferð og hafa þetta ekki vorferð leikskólans heldur sameiginlega ferð til dæmis í Fannahlíð. Eða gönguferð frá leikskólanum með nesti.“

Frá Helenu: „Ég tók á móti leikskólabörnunum í íþróttahúsinu og við fórum í leiki, stöðvavinnu, boltaleiki ofl. Krakkarnir fóru í íþróttaföt og sturtu og eru nú vel undirbúnir fyrir íþróttastarfið í haust. Ég fylgdi börnunum svo yfir í skólabyggingunni en tíminn þar var of stuttur til að geta nýtt það í skapandi starf eða útinám. Áhuginn fyrir að hitta félagana í fyrsta bekk er líka mikill þannig að tíminn fór oftast í að leika sér eða gera lítið verkefni á blaði. Það var líka lesið upphátt fyrir þau.“

Frá Siggu Láru: „Náðum ekki að halda lokafund og fara yfir skólaárið. Bókasafnstíminn gekk áfram mjög vel á vorönninni, börnin áhugasöm og þeim leið vel á safninu. Nemendur í 7. bekk lásu fyrir leikskólabörnin. Einn miðvikudagur datt út vegna óveðurs. Matartímarnir komu inn í síðustu þrjú skiptin og gekk það mjög vel, góð aðlögun fyrir komandi skólaár.“

Frá Möggu Siggu: Mér fannst skólasamstarfið ganga mjög vel í vetur. Börnin nutu sín, og þá aðalega í leik með gömlu félögunum. Félagslega er þetta mjög góð aðlögun að grunnskólanum. Það var mjög flott þegar byrjað var á að setjast í hring með 1. bekk og taka Leikur að læra í smá tíma og fara síðan í frjálsan leik með krökkunum. Sundið og íþróttir voru í miklu upphaldi hjá þeim. Bókasafnið er mjög góður lokapunktur á deginum í skólanum. Mér finnst mikilvægt að halda sveiganleika í skipulaginu svo auðvelt sé að bregðast við aðstæðum eins og manneklum.

3.7. Sí- og endurmenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

Kennarar í fullu starfi í Heiðarskóla eiga að sækja sér endurmenntun sem hér segir;

- Kennari yngri en 30 ára: 150 tímar utan starfstíma / 113 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 30 til 38 ára: 126 tímar utan starfstíma / 95 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 38 ára og eldri: 102 tímar utan starfstíma / 77 tímar innan starfstíma skóla

Leikskólakennarar taka þátt sí- og endurmenntun út frá þróunaráætlun leikskólans sem er endurmetin fyrir hvert skólaár. Verkefnið „fræðslustjóri að láni“ kemur að einhverju leyti með að halda utan um endurmenntun almennra starfsmanna en stundum rennur þetta saman.

Markmið:

- Að skólinn hafi á að skipa hæfu og vel menntuðu starfsfólki sem er tilbúið að sækja sér aukna þekkingu og sýni það í verki.

Leiðir:

- Árlega er endurmenntunaráherslum skólans skipað í forgangsörð, í samráði við starfsmenn.
- Boðið er upp á námskeið og fræðslufundi.
- Ætlast er til að starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans miðli fróðleikum til skólasamfélagsins og skapi þannig skilyrði til að festa jákvæðar breytingar í sessi.

3.7.1. Sí- og endurmenntun 2014-2015

Eftirfarandi sí- og endurmenntun átti sér stað í leik- og grunnskólanum í vetur:

- 11. – 12. Ágú - Námskeið í Uppbyggingarstefnunni í Álfthanesskóla, Berglind Bergsdóttir, Jónella Sigurjónsdóttir, Árdís Hauksdóttir, Sunneva Hlín Skúladóttir og Arndís Halla Guðmundsdóttir fara.
- 13. ágú - námskeið í Brekkubæjarskóla - 6 plús 1 trait skriftaraðferðin, Ólöf fer
- 14. ágú – Endurmenntun hjá Heiðarskóla, skólaþróunarráðstefna Skólaþróunarfélagsins
- 15. ágú – Sameiginlegur starfsdagur Leik- og grunnskóla í Heiðarskóla. Skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum og síðan óvissuferð.
- 15. – 17. ágú - Byrjendanám í tónlist. Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths efnir til málstofu og tilraunastofu dagana 15.-17. Ágúst „Hvernig er mögulegt að nálgast fyrstu skrefin í tónlistarnámi á skapandi, spennandi og gefandi hátt sem veitir rétta undirstöðu, kveikir áhuga en byggir hugsanlega á breyttum áherslum?“, Alexandra fer.
- 18. ágú – Snjallari kennsluhættir með nútímatækni, ráðstefna Nýherja frá 13-16:00, Jón og Hjálmur fara
- 19. ágú – Námskeið fyrir matráða og heimilisfræðikennara hjá Sýni frá kl. 9-15 í Rek, Hjalta, Kata, Sigríður og Björk fara
- 3. – 7. Sept – Samtök náttúru- og útiskóla (SNÚ) halda ráðstefnu dagana 3. - 7. september 2014 undir merkjum evrópskra samtaka sem heita The European Institute for Outdoor Adventure Education og Experiential Learning og í samvinnu við Menntavísindastofnun Háskóla, Helena fer
- 10. sept – Ráðstefna epli.is – Apple learning event, Radisson Hotel Reykjavík
- 15. sept – nokkrir starfsmenn leikskólans fara á ipad námskeið
- 16. sept – Birtufundur í Fannahlíð hjá Skýjaborg og samstarfsskólum
- 17. sept. – Leiðtoganámskeið í Byrjendalæsi, Sigga Lára fer
- 18. sept. – Menntamiðja, Hjálmur fer
- 18. sept – Kennarafundur kl. 14:30: Dr. Ingvar hittir yngsta stigs kennarana og byrjar vinnu við hæfniviðmiðin
- 29. sept – 3. okt – Magga Sigga og Þórdís fara út til Eistlands vegna Nordplus verkefnis
- 9. okt. – Hólmfríður á Háskólanum á Akureyri kemur í heimsókn vegna Byrjendalæsis
- 10. okt – Starfsdagur í Heiðarskóla. Fræðsla fyrir starfsfólk skólans um líkamsbeitingu frá kl. 8-10. Kaffihlé og meðlæti. Vinna hjá kennurum við hæfniviðmið frá kl. 10-12:00. Haustþing kennara verður haldið í Heiðarskóla frá kl. 13:00
- 13. okt. – Trúnaðarmannafundur kennara, Einar S. fer
- 7. – 8. nóv. – Ársþing skólaþróunarfélagsins í Mosfellsbæ, Jón fór

- 13. – 14. nóv. – Fræðsla um íslensk miðaldahandrit og handverksmenningu fyrr á öldum, heimsókn í Heiðarskóla, 6. – 7. Bekk.
- 12. nóv. – Sameiginlegur starfsmannafundur á miðvikudaginn kl. 17:15, m.a. verður fyrirlestur frá Siggu Dögg kynfræðingi um kynhegðun barna og unglunga. Léttar veitingar í boði.
- 17. nóv. - Heilsuefning og forvarnir á vinnustöðum, Þórdís fer á námskeið
- 7. jan – Jón Hilmarsson skólastjóri og Einar Sigurðsson trúnaðarmaður kennara fara á fund um vinnumat á Akranesi, vinnumatið kynnt og rætt um kosti þess og galla.
- 19. jan. – Byrjendalæsisnámskeið, Sigga Lára fer. Sigga Lára er að læra það að vera leiðtogi í byrjendalæsi en nauðsynlegt er fyrir hvern skóla að hafa leiðtog í byrjendalæsinu sem leiðir starfið áfram.
- 5. feb. – Kennarafundur: Vinna við hæfniviðmið aðalnámskrár. Þetta er vinna sem gert er ráð fyrir að klárast fyrir vori og þá verður hægt að setja upp viðmiðin í mentor og vinna náms- og kennsluáætlanir þar.
- 6. feb. – Ráðstefna í Ingunnarskóla: Starfshættir í grunnskólum, Jón fer
- 2. – 6. Mars – Þórdís og Magga Sigga úr Skýjaborg fóru á fund í Litháen vegna Norplusverkefnis sem leikskólinn er samstarfsaðili að.
- 3. mars – Námskeið fyrir stærðfræðikennara þar sem eiginleikar ípad voru m.a. kynntir.
- 8. apr. – Fyrirlestur og námskeið frá Proactive í Heiðarskóla fyrir alla starfsmenn Leik- og grunnskólans.
- 8. apr. – stærðfræðinámskeið á Kleppjárnsreykjum í samstarfi við samstarfsskólana á Vesturlandi, Helga og Einar fóru – Örn og Hjálmur komust ekki.
- 9. – 11. Apríl – Vorferð skólastjórafélags Vesturlands til Akureyrar. Í heimsókninni voru nokkrir skólar skoðaðir auk þess sem fræðslustjórinn kynnti starf sitt og hvað er að gerast helst á Akureyri, Jón fór í ferðina.
- 13. apr. – Skypefundur hjá byrjendalæsisfólki Heiðarskóla með leiðbeinendum frá HA.
- 14. – 15. Apr. – Ráðstefna og vinnubúðir um Vendingám hjá Keili í Reykjanesbæ. Hjálmur Dór verkefnastjóri tækniþróunar var með eina málstofu. Jón, Helga, Einar og Hjálmur sóttu ráðstefnuna og Hjálmur og Jón sóttu vinnubúðirnar daginn eftir.
- 16. apr. – Vinnubúðir sem Hjálmur Dór skipulagði fyrir skóla á Vesturlandi, búðirnar voru haldnar í Brekkubæjarskóla og var þemað ýmiskonar tækni í skólastarfi. Búðirnar tókust vel, góð mæting og ánægja með skipulag og efnistöð.
- 20. apr. – Samspil námskeið í Borgarnesi, Hjálmur Dór fór

Skóladagatal – byrjendalæsis kennarar í Heiðarskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2015 - 2016

Nafn skóla: Heiðarskóli

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 L	1 D	1 F	1 S	1 D	1 F	1 M	1 D	1 F	1 S	1 M
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 D	2 M	2 L	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 D	3 F	3 S	3 M	3 F	3 S	3 D	3 M
4 D	4 M	4 F	4 M	4 D	4 L	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L
5 M	5 L	5 M	5 S	5 D	5 F	5 L	5 D	5 F	5 S	5 M
6 F	6 S	6 D	6 M	6 M	6 L	6 M	6 S	6 M	6 F	6 M
7 F	7 M	7 L	7 D	7 F	7 S	7 M	7 D	7 F	7 L	7 D
8 L	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 S	8 M
9 S	9 M	9 L	9 M	9 D	9 L	9 D	9 M	9 M	9 F	9 F
10 M	10 F	10 L	10 D	10 F	10 S	10 M	10 D	10 F	10 D	10 F
11 D	11 F	11 S	11 M	11 D	11 L	11 F	11 M	11 F	11 M	11 L
12 L	12 M	12 D	12 M	12 L	12 D	12 F	12 L	12 D	12 F	12 S
13 F	13 S	13 M	13 D	13 S	13 M	13 L	13 S	13 M	13 F	13 M
14 F	14 D	14 F	14 M	14 L	14 F	14 S	14 M	14 F	14 L	14 D
15 L	15 M	15 D	15 F	15 D	15 F	15 M	15 D	15 F	15 S	15 M
16 S	16 M	16 L	16 M	16 D	16 L	16 D	16 M	16 L	16 M	16 F
17 M	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 F	17 S	17 D	17 F
18 D	18 F	18 M	18 D	18 L	18 F	18 M	18 D	18 F	18 M	18 L
19 L	19 M	19 D	19 M	19 F	19 L	19 D	19 M	19 F	19 S	19 M
20 F	20 S	20 M	20 D	20 S	20 L	20 F	20 M	20 D	20 F	20 M
21 F	21 M	21 L	21 M	21 D	21 S	21 M	21 F	21 D	21 L	21 D
22 L	22 F	22 S	22 M	22 L	22 D	22 F	22 M	22 L	22 M	22 M
23 S	23 M	23 D	23 F	23 M	23 L	23 D	23 M	23 F	23 S	23 F
24 M	24 L	24 M	24 D	24 F	24 S	24 M	24 F	24 D	24 F	24 F
25 D	25 F	25 S	25 M	25 L	25 D	25 F	25 M	25 L	25 M	25 L
26 M	26 L	26 M	26 D	26 F	26 S	26 M	26 F	26 D	26 F	26 S
27 F	27 M	27 L	27 M	27 D	27 F	27 M	27 L	27 F	27 M	27 M
28 F	28 M	28 L	28 M	28 D	28 F	28 M	28 L	28 F	28 S	28 D
29 L	29 D	29 F	29 S	29 M	29 L	29 D	29 M	29 F	29 S	29 M
30 S	30 M	30 L	30 M	30 D	30 F	30 M	30 L	30 M	30 D	30 F
31 M	31 L	31 M	31 D	31 F	31 S	31 M	31 L	31 F	31 D	31 M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlýðsjón af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Þróunaráætlun næstu þriggja ára

Sameiginlegt:	Ávallt í starfi skólans	Umhverfismennt
		Grænfáninn
		Byrjendalæsi
		Ipad / tækniþróun
Heiðarskóli:	Ávallt í starfi skólans	Uppbyggingarstefnan
Sameiginlegt:	2015	Handbók starfsmanna
	2015-2016	Heilsuefning, undirbúningur fyrir næsta skólaár
	2016 -	Formleg innganga í Heilsuefningi leik- og grunnskóla
	2015-2016	Mótun læsisstefnu
Skýjaborg:	2014-2016	Birtuleiksskólar, samstarf
	2014-2016	Nordplus samstarf
Heiðarskóli:	2014-2016	Teymiskennsla, undirbúningur, framkvæmd og eftirfylgni
	2015-2016	Starfendarannsóknir, vinnulag
	2015-2016	Hæfniviðmið í skólanámskrá


3.7.3. Starfendarannsókn

Í hefðbundnum rannsóknum er rannsakandinn að skoða og rannsaka störf annarra en í starfendarannsókn er rannsakandinn að rannsaka eigið starf. Hann er þá í raun bæði rannsakandinn og viðfangsefnið. Starfendarannsókn er eins konar sjálfsskoðun þar sem rannsakandinn skoðar eigin gildi og eigin viðhorf með því augamiði að skilja það betur og þróa til betri vegar. Hún felur í sér að þú ert að hugsa um – ígrunda – eigið starf, má einnig segja að hér sé um ákveðna sjálfsskoðun eða sjálfsgagnrýni að ræða samkvæmt kenningum. Starfendarannsókn miðar að því að lýsa, túlka og skýra ferli eða atburði sem eiga sér stað á sama tíma og hún leitast við að bæta viðkomandi ferli.

Starfendarannsókninni fylgir mat rannsakanda á eigin starfi og ígrundun sem felur í sér sífellda leit að umbótum við nám og kennslu. Í eðli sínu hvetja starfendarannsóknir til breytinga. Starfið er skoðað kerfisbundið til þess að fá sem nákvæmasta mynd af því sem er að gerast. Niðurstöðurnar eru síðan notaðar til þess að halda áfram, bæta starfið og koma með nýjar eða breyttar leiðir til að ná betri árangri. Gagnsemi starfendarannsókna felast í því grundvallarmarkmiði þeirra, að bæta starfshætti með hagsmuni og þarfir skjólstæðinga í huga. Vinnubrögðum starfendarannsókna má lýsa sem hringlaga ferlum. Hver ferill inniheldur fimm þrep sem eru: framkvæmd, athugun, ígrundun, breytingar og áætlun. Megineinkenni starfendarannsókna og það sem við höfum haft að leiðarljósi eru eftirfarandi þættir:

- Kennari (rannsakandinn) rannsakar það sem hann er persónulega að gera í kennslunni, undirbúningi fyrir hana og framkvæmd – kennsluhættir. Kennari tekur m.a. upp kennslustund á videó tvisvar sinnum yfir árið og horfir á sjálfur.
- Kennarinn er jafnframt þátttakandi í því sem verið er að rannsaka
- Athugun og mat sem byggir á gagnrýnni ígrundun – taka upp kennslustund og skoða
- Meðan á rannsóknarferlinu stendur er stöðugt leitað eftir breytingum
- Stöðugt er leitað eftir þróun og skipulögðum breytingum á skólastarfinu / kennsluháttum en ekki staðreyndum eða staðfestingu á tilgátum
- Verkefnin byggja á persónulegri reynslu
- Tilgangurinn er að skilja betur og bæta starfið – kennarinn kynnir niðurstöður sínar að vori

Hægt er að líkja starfendarannsókn við spirál, (sjá mynd fyrir neðan), þar sem ferlið er sí endurtekið og brugðist er við einstökum þáttum ferlisins eftir því hvernig stefnumótunin þróast.



Ferli Starfendarannsókna

Á myndinni má sjá að byggt er á stöðugri þróun og breytingum sem sýna þá staðreynd að ummyndandi ferli lýkur aldrei. Staðan er tekin, hún metin, áætlun gerð um næstu skref og hún framkvæmd og þannig gengur sí endurtekið ferlið fyrir sig.

4. Kennslufyrirkomulag og fjöldi nemenda var eftirfarandi í vetur:

1. bekkur	13 nemendur	Umsjónarkennari: Berglind Bergsdóttir
2. bekkur	8 nemendur	Umsjónarkennari 2.-3. bekkjar: Jónella Sigurjónsdóttir
3. bekkur	10 nemendur	
4. bekkur	8 nemendur	Umsjónarkennari 4.-5. bekkjar: Helga Harðardóttir
5. bekkur	7 nemendur	
6. bekkur	10 nemendur	Umsjónarkennari 6.-7. bekkjar: Einar Sigurdór Sigurðsson
7. bekkur	6 nemendur	
8. bekkur	10 nemendur	Umsjónarkennari 8.-9. bekkjar: Örn Arnarson
9. bekkur	6 nemendur	
10. bekkur	9 nemendur	Umsjónarkennari: Sigurður Tómasson

Samtals nemendur í Heiðarskóla á liðnum vetri voru 89 talsins í upphafi en 91 í lokin.

Í Skýjaborg voru börnin flest 40 á skólaárinu.

Dropinn 16 börn á aldrinum 1-3ja ára. Deildarstjóri Bára Tómasdóttir

Regnboginn 25 börn á aldrinum 4-6 ára. Deildarstjóri Magnea Sigríður Guttormsdóttir.

4.4. Teymiskennsla í Heiðarskóla 2015-2016

Teymiskennsla í skólunum einkennist fyrst og fremst af samvinnu um nám og kennslu nemenda. Kennarar telja að í samræðu um nám og kennslu komi fram fleiri hugmyndir, skoðanir og möguleikar á lausnum, sé unnið í teymum. Kostir teymiskennslunnar liggi í samstarfinu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

„Það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum og einum til nokkurs þroska“. *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2011, bls. 51*

Stigsteymi:

- | | |
|--|--|
| • 1. – 4. bekkur | Jónella, Berglind, Ólöf, Arndís, Björk |
| ○ (1. bekkurinn þó að einhverju leyti sér) | Katrín Rós |
| • 5. – 7. bekkur | Helga, Hjálmur, Einar |
| • 8. – 10. bekkur | Örn, Hrafnhildur, Siggi |
| • List- og verkgreinateymi | Helena, Sigga, Björk |

Teymiskennsla er langvarandi og skuldbindandi samvinna þar sem hópur af kennurum ber sameiginlega ábyrgð og vinnur sameiginlega út frá skilgreindum námsmarkmiðum og kennsluaðferðum. Lögð er áhersla á nemendur, nám þeirra og þroska auk þess sem reynt er að byggja upp og þróa innbyrðis samskipti og tengsl teymisins.

... til að hægt sé að tala um virkt kennarateymi má segja að undirstaðan liggi í sameiginlegri ábyrgð þeirra á nemendum sem felist í því að þau kenna öllum nemendum á einhverjum tímapunkti og læra þannig að þekkja þá... sameiginleg ábyrgð og að þurfa aldrei að sitja ein(n) uppi með vandamálin væri einn helsti kostur teymiskennslunnar.

Teymiskennsla gefur kennurum tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi og er ein leið til að ná betri árangri. Þegar fleiri koma saman verða til fleiri hugmyndir. Fagleg teymi gefa kennurum tækifæri til að þróa og læra í starfi, þau skapa námsumhverfi og nýjar bjargar, umræðu um kennslu og nám þar sem notaðar eru aðferðir starfendarannsóknna. Slík teymi nálgast kennsluna á nýjan hátt, þar sem farið er dýpra í kennsluaðferðir og nám nemenda út frá þörfum þeirra. Kennarar í teymunum þurfa að setja sér skýr markmið hvað varðar kennslu og nám og hvernig þau geti bætt starf sitt.

Drög að starfslýsingu / verkefnum teymisins eru m.a. að:

Skipulag:

- að gera starfsáætlun – útlista starfslýsingu / verkefni teymisins
- halda reglulega samráðs- / skipulagsfundi innan teymis og aðra hlutaðeigandi aðila innan og utan skóla
- vinna náið saman, skipti verkum á milli sín, bera sameiginlega ábyrgð
- bera sameiginlega ábyrgð á nemendum teymisins
- búa til þriggja ára áætlun í námsgreinum, tryggja nám og kennslu í öllum greinum innan málaflokks t.d. eins og samfélagsfræði – samfella og samþætting.

Upplýsingaflæði:

- tryggja gott upplýsingaflæði og skráningu upplýsinga, nýta mentor, setja upp náms- og kennsluáætlanir þar, skrá viðveru og dagbókarfærslur og senda út fréttabréf í lok hverrar viku á foreldra.
- eiga góð og upplýsandi samskipti við foreldra, skipulag og verkaskipting innan teymis

Nám og kennsla:

- ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skýr og nákvæm markmiðasetning
- ná markmiðum skólans í málaflokkum eins og umhverfismennt, tækniþróun, námstækni og uppeldi til ábyrgðar. Útfæra markmið, tryggja framkvæmd og eftirfylgni – námsmat.
- bjóða upp á fjölbreytta og áhugaverða kennsluhætti
- höfða til áhugasviðs nemenda – áhugasviðsval
- Huga að grunnþáttum menntunar samkvæmt úrfæslu og leiðum skólanámskrár skólans.

- Vinna með gildi skólans, gera þau sýnileg í starfi skólans og nemendur meðvitaða um inntak og merkingu þeirra.
- Undirbúa nemendur fyrir samræmd próf, greina niðurstöður prófanna og setja mál í farveg ef bregðast þarf við frávikum.

Námsmat:

- vinna að markmiðasetningu með nemendum, eiga samtal, ræða framvindu, endurskoða og setja ný markmið. Upplýsa foreldra um framvindu mála.
- Setja upp og fylgja eftir frammistöðumati nemenda
- bjóða upp á fjölbreytt og raunhæft námsmat sem tekur mið af markmiðum aðalnámskrár og stefnu skólans
- útfærsla námsmats t.d. ferlilmappa / rafræn eða ekki
- skilgreina hlutverk og markmið hvers og eins, verklagsreglur – forysta og ábyrgð
- búa til samskipta- og bekkjarreglur
- mitt og þitt hlutverk
- Meta eigin náms- og kennsluáætlun í mentor, framvindu hennar í heild og útfrá einstökum nemendum – er verið að ná settum markmiðum – bregðast við ef svo er ekki.
- halda fundargerðir – aðgengilegar öðrum kennurum

4.5. Tillögur að breytingum

Unnið verður áfram með teymiskennslu og hún þróuð áfram

4.6. Skýrsla um sérkennslu

Einn sérkennari er í 100% starfi við bæði skólastigin ásamt þroskaþjálfara sem hóf störf við grunnskólasvið sl. haust í 100% starfi. Sérkennarinn skiptir hlutfalli á vinnu sinni eftir þörfum hvors skólasviðs er 4 daga innan grunnskólans og 1 dag í viku í leikskólanum. En viðkomandi hefur yfirumsjón með sérkennslu og skipuleggur sérkennslu við nemendur ásamt stjórnendum skólans. Jafnframt því að halda utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggja fyrir próf og skimanir ásamt úrvinnslu úr þeim. Þroskaþjálfinn var að mestu inn í 1-3 bekk á haustönn við þjálfun/kennslu en á vorönninni að mestu inn í 9 bekk. Einn stuðningsfulltrúi starfaði við skólann sl. skólaár í 60% stöðu inn í 5 bekk.

Það eru þrír hópar sem aðallega er beðið um stuðning fyrir: Nemendur sem ná ekki bekkjarmarkmiðum í lestri, nemendur sem ná ekki að halda í við jafnaldra í stærðfræði og nemendur sem eiga við hegðunarraskanir að stríða. Sérkennsla/stuðningur við nemendur innan skólans hefur verið með svipuðu móti sl. skólaár líkt og undanfarin ár. Kennarar hafa tekið að mestu að sér sérkennslu inn á unglingastigi, þar hefur verið boðið upp á aukið verklegt nám innan sér- og stuðningskennslunar ásamt því að 1 nemandi var í skipulögðu starfsnámi hjá fyrirtæki í nágrenninu sl. skólaár.

Leikskólasvið:

Í vetur hefur sérkennarinn farið 1. dag í viku í leikskólann 7 klst. í senn. Heildarfjöldi barna sem sérkennari hafði afskipti af eða fengu sérkennslu hjá sérkennara innan leikskólans í vetur voru 6 börn. Starf sérkennarans fólst aðallega í að annast athuganir/próf, gera einstaklingsáætlanir og fylgja eftir þjálfun /kennslu hjá þeim sem þurftu þess með ásamt ráðgjöf til starfsmanna leikskólans og samstarfi við foreldra/forráðamenn. Unnið var að mestu með málörvun, auka orðaforða og fleiri þætti er geta örvað þroska barnanna. Jafnframt var unnið með framburð ofl. eftir ráðleggingum frá talmeinafræðingi.

Helstu skimanir

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Íslenski þroskalistinn.
- Tras.
- ABLIS-R.
- Told-2P.
- Ásamt óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

Grunnskólasvið:

Nemendur í sérkennslu eru valdir samkvæmt umsóknum/umsögnum umsjónarkennara frá sl. vori. Einnig ef sérstakar beiðnir koma frá umsjónarkennurum yfir veturinn, ásamt niðurstöðum eftir skimanir og próf sem gerð eru yfir skólaárið.

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu í vetur innan Heiðarskóla voru 24 nemendur. En sérkennarinn kom að málum 31 barns á bæði yngra og eldra stigi grunnskólans á skólaárinu.

Fyrst og fremst hefur meginþungi í starfi sérkennarans verið við nemendur skólans vegna lestrar-og stærðfræðierfiðleika, aðlaga námsefni að þörfum nemenda. Finna úrræði við hegðunarfrávikum í samstarfi við þroskajálfann, umsjónarkennara, og stuðningsfulltrúa, efla vinnusjálfstæði nemenda ásamt greiningu á námstöðu nemenda. Einnig fer talsverður tími í samtal/samstarf við aðra sérfræðinga skólans og skilafundi eftir að greiningu er lokið.

Í yngri bekkjum fer sérkennslan fram ýmist inni í bekkjum eða utan bekkjar í litlum hópum eða einstaklingslega. Allt fer þetta eftir eðli námsvandans hverju sinni og hvað nýtist nemandanum best.

Í fyrsta bekk: Aðkoma sérkennara og þroskajálfa var nokkur inn í bekkinn. Naut bekkurinn aðstoðar sérkennara og þroskajálfa í samtals 11 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust að mestu leyti 4-6 nemendum. Megináhersla var á úthald og einbeitingu til vinnu, stafainnlögn, tengingu hljóða og auka orðaforða

Í öðrum og þriðja bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 6 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust að mestu leyti 5 nemendum. Megináhersla var á úthald og einbeitingu til vinnu, stafainnlögn, tengingu hljóða, orðaforða, einnig þjálfar lestrarfærni og lesskilning. Ásamt ráðgjöf og eftirfylgd/samstarfi við starfsfólk eins nemanda innan bekkisins er hefur stuðning allan sinn skólatíma með kennara og stuðningsfulltrúa.

Í fjórða og fimmta bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 4 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust aðallega 4 nemendum. Megináhersla var lögð á málskilning, þjálfar lestrarfærni og lesskilning. Aðstoð við grunnþætti í stærðfræði og að þau fylgdu að mestu leyti námsefni árgangsins. Einnig var stuðningsfulltrúi inn í bekk í 60% starfi sem stuðningur við 1 nemanda en nýttist einnig sem stuðningur við aðra nemendur í bekknum.

Í sjötta og sjöunda bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 2 kennslustundir á viku. Megináhersla var lögð á málskilning, stafsetningu og málfræði hjá tvítyngdum nemanda.

Í áttunda og níunda bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut eingöngu aðstoðar sérkennara í formi ráðgjafar og eftirfylgd við þá kennara er sáu um stuðning/sérkennslu innan unglingadeildar, en það voru 7-8 nemendur er fengu sér- og stuðningskennslu. Þroskaþjálfinn var nánast að öllu leyti inn í 9. bekk á vorönn og gat fylgt eftir ákveðnum nemendum þar.

Sérfræðiþjónusta

Nýr sálfræðingur Birgir Þór Guðmundsson hóf störf við bæði skólastigin sl. haust og kom hann u.þ.b. hálfsmánaðarlega í skólann og sinnti greiningum á námsörðugleikum ásamt ráðgjöf, viðtölum við foreldra/forráðamenn, nemendur og kennara skólans. Sálfræðingur kom að málefnum fjölmargra barna á skólaárinu. Gott samstarf var við aðrar þjónustustofnanir er skólinn starfar náið með þ.e. Félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar ásamt samstarfi við sérfræðiteymi Akraneskaupsstaðar þ.e. iðjuþjálfar er kemur í leikskólann og ráðgjafarþroskaþjálfar sem kemur bæði í leik- og grunnskólann eftir samkomulagi. Einnig var veitt sérfræðiráðgjöf og eftirfylgd frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Einnig fengum við Signýju Einarsdóttur talmeinafræðing áfram til vinnu sl. vetur en hún kom þrisvar yfir mánuðinn og skipti þeim tíma milli beggja skólastigana.

Helstu skimanir

- Tove Krogh- teiknikönnun 1. bekk
- Læsi- Lestrarskimun fyrir 1. bekk. Alls 3. sinnum yfir skólaárið.
- Læsi –Lestrarskimun x1 og Lesmál fyrir 2. bekk .
- Orðarún 3-8 bekk x 2 á skólaárinu.
- GRP-14 lesskimun fyrir 9 bekk.
- Samræmd próf í 4. 7. og 10. bekk.

- Skólaferni athugun (SFA).
- Logos –skimun hjá 3 og 5 bekk.
- Logos lesgreining samkvæmt beiðni foreldra/kennara og niðurstaðna úr Logos-skimun.
- Talnalykill- skimun 3 og 6 bekk.
- Hraðlestrarpróf, lögð fyrir flesta árganga tvisvar til þrisvar yfir veturinn.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Nemendaverndarráð starfar í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik-og grunnskóla, í því sátu skólastjóri/sviðsstjórar beggja skólastiga, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, félagsmálastjóri, sérkennari og náms-og starfsráðgjafi skólans (fæðingarorlofi sl. skólaár). Skólastjóri hélt utan um fundina og ritaði fundargerð.

Starfið framundan

Nú á vordögum er undirbúningur hafinn að nýju skólaári. Þ.e. að undirbúa komu nýnema í haust, einnig er farið að huga að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa sem haldin verða í haust hjá nemendum í fjórða, sjöunda og tíunda bekk með því að sækja um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur sem þess þurfa í samræmi við 4. kafla í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2011. bls 40). Á hverju vori sækja umsjónarkennarar yfirleitt um sérkennslu fyrir nemendur þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hverskonar þjónustu/kennslu þeir þurfi að fá. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar til að skipuleggja sérkennslu og stuðning fyrir nemendur er þess þurfa. Fyrirhugað er að fara út í teymiskennslu á hausti komandi með því fyrirkomulagi að það verður samkennsla hjá 2-4 bekk þar verða 2 kennarar og 1 þroskaþjálfari inn í bekk. Áhersla verður á nk. vetur að flétta sem mest allri sér- og stuðningskennslu inn í bekkjarstarfið á öllum stigum en líklegt er að öll einstaklingsmiðun verði mun auðveldari með þessu fyrirkomulagi. Á miðstigi verður það 5-7 bekkur sem verður í samkennslu og verða þar 3 kennarar. Á unglingastigi þ.e. 8-10 bekkur verða saman í samkennslu og 3 kennarar. Aðkoma sérkennara verður með svipuðum hætti og undanfarin að sinna lestrar- og stærðfræðiörðugleikum og þá að mestu leyti við yngsta stig ásamt því að leggja fyrir próf og aðrar kannanir/skimanir er við skólann eru gerðar. Í vorskýrslu þessari er stuðst við skýrslu síðasta skólaárs og eins og gefur að skilja er sumt svipað frá ári til árs og óþarfi að tíunda það ár hvert.

Ólöf Guðmundsdóttir.

4.7. Skýrsla frá Skýjaborg

Í leikskólanum í vetur voru börnin 41 þegar þau voru flest.

Árgangur	Alls
2008	14
2009	9
2010	8
2011	5
2012	5

Börnin skiptust á tvær deildar, 25 börn á eldri deild og 16 börn á þá yngri. Árgangar 2008, 2009 og tvö börn fædd 2010 voru á eldri deildinni og árgangar 2010, 2011 og 2012 á yngri deildinni. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 17:00. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjáls milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 7.8 klst. daglega skólaárið 2013-2014.

Öllum börnum sem urðu 18 mánaða á skólaárinu og voru á skrá í upphafi skólaárs var boðið að koma í leikskólann.

4.5.1 Uppeldi og menntun

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Í námskrá eru þau aðgreind til að tryggja hverju og einu sinn sess í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er að markmiðunum í daglegu starfi, skipulögðu hópastarfi og leik. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla eru skilgreindir grunnþættir menntunar sem eru: sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð og læsi. Eiga þessir grunnþættir að verða leiðarljós við námskrárgerð. Grunnþættirnir eru skilgreindir í skólanámskrá.

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra leikja og verkefna.

Mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu og til þess að barnið geti verið öruggt um til hvers sé ætlast af því.

Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans og þar fer fram mikið nám og gefst gott tækifæri til að sinna hverjum og einum og vinna með námssviðsmarkmið og gildi.

Á hvorri deild er unnið að markmiðum skv. þroska og getu þeirra einstaklinga sem þar eru hverju sinni. Deildarstjórar vinna áætlanir sem byggja á markmiðum sem sett eru fram í

skólanámskrá og deildarnámskrám. Starfsfólk vinnur skv. þessum áætlunum með barnahópnum hverju sinni.

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Til viðbótar við leikinn og athafnir daglegs lífs er starfið byggt á skipulögðum stundum til að ná fram uppeldis- og námssviðsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er áfram í forgrunni í skipulögðum stundum.

Sérkennsla fer fram inni á deildum eftir því sem hægt er, með sérfræðingi ef þarf. Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu/stuðningi að halda og unnið í nánú samstarfi við sérkennara og sérfræðinga hverju sinni.

Í vetur var unnið með nokkur þemu í leikskólanum. Unnið var grenndarverkefni á báðum deildum þar sem við skoðuðum hvar allir í leikskólanum áttu heima í sveitinni og settum myndir á viðeigandi staði á landakorti. Unnin voru verkefni mánaðarlega í Nordplusverkefni leikskólans með áherslu á Bangsímón og Hundraðekru skóginn hans. Á eldri deild var unnið að því að þróa leikinn með aðferðafræði könnunaraðferðarinnar, unnin voru verkefni um Traktor, Himingeiminn, Kisur, Fjölskylduna, Búðarleikur og Fiðrildi. Inn í verkefnin fléttast síðan Byrjendalæsi / leikskólalæsi og tengjum við umhverfismennt og Grænfánaverkefnin inn í öll þemu. Á yngri deild var unnið með þemað „ég sjálf/ur og fjölskyldan mín“, verkefni tengd líkama og sjálfsmynd og unnið með liti og form.

4.5.2 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Mjög vel hefur gengið að skipuleggja daga og viðburði á skólaárinu tímanlega. Dagatal fyrir hvern mánuð hjálpar til við það. Dagatal er hengt upp í fataklefa á báðum deildum.

Almenn ánægja með ferðirnar sem farið hefur verið í. Farið var með hóp barna á Bjarteyjarsand, í Súlunes og útskriftabörnin fóru á Akranes, á Langasand og í skógræktina.

Á aðventunni bauð foreldrafélagið upp á leiksýninguna „Grýla og jólasveinarnir“ sem vakti mikla lukku í leikskólanum.

Á bangsadaginn fengu allir að koma með bangsann sinn í leikskólann.

Haldið var upp á Dag íslenskrar tungu og komu nemendur úr þriðja bekk og lásu fyrir leikskólabörnin.

Foreldrum var boðið í heimabakaðar smákökur fyrir jólin og var síðan haldið jólaball og borðaður jólamatur í leikskólanum.

Í byrjun þorra buðum við öllum köllum að koma í kallakaffi í leikskólann og síðan var haldið upp á þorra með þorrablóti fyrir börnin. Í lok þorra var síðan öllum konum boðið í kaffi í tilefni konudagsins.

Á degi leikskólans fórum við í gönguferð með allan leikskólann um nágrenni leikskólans og síðan fengu börnin að skreyta stéttina í kringum stjórnsýsluhúsið.

Haldið var öskudagsball á öskudaginn og fengu allir sem vildu að koma í búningi.

Á degi umhverfisins fóru börn og starfsfólk í gönguferðir í nágrenni leikskólans með nesti og nutu náttúrunnar.

Dansnámskeið var í leikskólanum í 5 vikur sem endaði á sýningu fyrir foreldra. Námskeiðið var mjög vel heppnað og fengu öll börnin í leikskólanum að taka þátt.

Við höldum náttfatapartý og búningadag í leikskólanum en börnin áttu frumkvæði að því að þeir væru haldnir.

Hjóladagur var haldinn í júní og máttu allir koma með hjól með sér. Börnin fengu að fara út á bílastæði við stjórnsýsluhús að hjóla og var bílastæðinu lokað fyrir aðra umferð á meðan. Nokkuð vel mótaðar hefðir hafa skapast í kringum skipulagða daga sem er mjög jákvætt og getur starfsfólk gengið að ákv. skipulagi.

4.5.3 Samstarf við samstarfsaðila

Slökkvilið á Akranesi hefur verið í samstarfi við skólann. Slökkviliðsstjóri hefur heimsótt leikskólann nokkrum sinnum og farið yfir brunavarnir.

Skólahjúkrunarfræðingur hefur komið nokkrum sinnum í leikskólann í vetur og séð um að búnaður til fyrstu hjálpar sé í lagi og sinnt 4 ½ árs skoðunum barna.

4.5.4 Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólinn veitir foreldrum stuðning og viðbót við það uppeldi sem börn fá heima. Foreldrar þekkja barn sitt best þar sem þeir hafa fylgst með þroskaferli og líðan frá fæðingu, kennari í leikskóla kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrasamvinna í leikskólanum byggir að mestu á daglegum samskiptum við foreldra þegar þeir koma með börnin eða sækja þau. Leitast er við að taka vel á móti foreldrum og börnum og að allir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann.

Í daglegum samskiptum er foreldrum veittar upplýsingar um líðan barnsins og hvað helst hefur drifið á daga þess í leikskólanum. Í leikskólanum er að finna upplýsingablöð þar sem hvíldartími barna er skráður, hvernig matartímar hafa gengið fyrir sig og upplýsingar um verkefni dagsins eru skráðar á skilaboðatöflu í fataklefa. Útbúin hafa verið mánaðardagatöl sem sett eru upp í fataklefa. Með því gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast með viðburðum hvers mánaðar.

Heimasíða leikskólans er nýtt til að veita upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar er einnig að finna skráningu á leikskólastarfinu í formi mynda, matseðil, almennar upplýsingar og fréttir úr leikskólastarfinu.

Leikskólinn heldur úti Facebook síðu til að kynna skólastarfið og einnig lokaðar síður fyrir hvora deild þar sem deildarstjórar setja inn efni. Síðan hefur mælst vel fyrir hjá foreldrum.

Foreldrafélag er starfandi fyrir sameinaðan leik- og grunnskóla. Foreldrafélag skipar fulltrúa í skólaráð. Hlutverk skólaráðs (foreldraráðs) skv. lögum um leikskóla er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð (foreldraráð) hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Upplýsingar um foreldrafélag má finna á heimasíðu skólans.

Þegar barn hefur leikskólagöngu sína koma foreldrar með barninu og dvelja með því í leikskólanum þar til það er orðið öruggt að vera eitt. Í byrjun skólaárs er foreldrum boðið að koma á foreldrafund til að fræðast um leikskólastarfið og hvernig starf vetrarins mun fara fram.

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, í október og mars. Góð þátttaka var í viðtölunum og gekk vel að fá foreldra til að skrá sig. Almenn ánægja foreldra er með upplýsingar sem þeir fá um börnin sín í viðtölunum og starfsfólk ánægt með skipulagið á þeim.

Foreldrafélag stóð fyrir sumarhátíð í Fannahlíð þar sem boðið var upp á lifandi tónlist, vísindasýningu og grillaðar pylsur.

5. Heiðarborg

Heiðarborg er íþróttamiðstöð skólans og almennings eftir starfstíma skólans. Leikfimi og sundkennsla fer fram í Heiðarborg. Sólrún er starfsmaður í fullu starfi í baðvörslu á starfstíma skólans, húsvörður skólans, Bjarni sinnir baðvörslu í tvo daga í hverri viku. Aðstaða Heiðarborgar er eftirfarandi;

- 12,5m innisundlaug
- Íþróttasalur
- Tækjasalur

Heiðarborg er opin fyrir almenning eftir kl. 14:30 á hverjum virkum degi frá 1. Sept til 31.

Mái (undantekning var á þessu ári en þá var opið í sundlaugina í júní - aftur). Tveir starfsmenn, af sitthvoru kyni, eru á hverri vakt á almennum opnunartíma sundlaugarinnar (þó ekki alltaf). Frítt er í sundlaugina fyrir alla sundlaugargesti.

Íþróttamiðstöð, opnunartími er eftirfarandi;

- Mánudaga og miðvikudaga frá kl. 14:30 til 19:00
- Þriðjudaga og fimmtudag frá kl. 14:30 til 21:00
- Laugardaga frá kl. 11-14:00

Eftirfarandi samantekt sýnir mætingu sundlaugargesta síðustu þrjú ár:

Sundlaug				
	2012	2013	2014	2015
Janúar	60	121	193	198
Febrúar	176	96	169	210
Mars	102	73	188	191
Apríl	79	117	111	154

Maí	46	53	86	103
Júní			35	101
Júlí				
Ágúst				
September		38	138	
Október	8	60	184	
Nóvember	118	65	143	
Desember	84	62	52	
Samtals	673	685	1299	957

Á þessari samantekt sést að árið í ár ætlar að verða mjög gott miðað við fyrri ár og hefur stöðugleiki í starfsmannahaldi mikið með það að gera.

5.4. Tillögur að breytingum

Mikið viðhald hefur verið á húsnæði og tækjum Heiðarborgar á undanförunum árum. Íþróttasalurinn er lítill og lágt til loftis og hentar ekki fyrir allar íþróttagreinir sem skólinn á að kenna. Gólfíð er einnig illa farið og farið að flísast upp úr því í fætur skólanema.

Tækjasalurinn er þröngur og hýsir illa þau tæki sem þyrftu að vera í vel útbúnum tækjasal. Fjármagn sem hefur verið veitt til tækjakaupa er sáralítið og undanfarin tvö ár hafa tæki verið endurnýjum með kaupum á notuðum búnaði í gegnum barnaland.is

Skoða þarf vel húsakostinn og þá starfsemi sem sveitarfélagið vill að fari þar fram og hvaða gæði og nýtingu á að bjóða uppá.

Sveitarstjórn hefur samþykkt nýja opnunartíma sem er eftirfarandi:

- Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 16 – 21:00
- Laugardaga frá kl. 10 – 15:00

Miðað við fjármagn sem Heiðarborg hefur þá verður einn starfsmaður á vakt á almenningsofnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar.

6. Drög að efnisyfirlit ársskýrslu 2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur

2. Skólaárið 2015 - 2016

- 2.1. Yfirlit yfir starfsfólk Leik- og grunnskólans og stöðugildi
 - 2.1.1. Heiðarskóli
- 2.2. Breytingar í starfsmannahaldi fyrir næsta skólaár
- 2.3. Stjórnun, skipurit og verkaskipting skólastjórna
- 2.4. Starfslýsing verkefnastjóra skólaárið 2015 - 2016
- 2.5. Skóladagatöl
 - 2.5.1. Skóladagatal Skýjaborgar 2015 - 2016
 - 2.5.2. Skóladagatal Heiðarskóla 2015 - 2016
 - 2.5.3. Starfsmannadagatal 2015-2016
 - 2.5.4. Byrjendalæsisdagatal kennara 2015-2016
- 2.6. Upplýsingaflæði – hvernig er það – greining og mat – tillögur að breytingum
- 2.7. Skýrslur frá skólabókasöfnum skólaárið 2015 - 2016
 - 2.7.1. Heiðarskóli. Tillögur að breytingum
 - 2.7.2. Skýjaborg. Tillögur að breytingum

3. Áherslur vetrarins 2015-2016

- 3.1. Skólanámskrárvinna – staða mála – afurð eftir veturinn
- 3.2. Handbók starfsmanna – hvað var gert? – hvaða efni er komið? – hvað er eftir?
- 3.3. Nordplus verkefni Skýjaborgar
- 3.4. Birtuverkefni Skýjaborgar
- 3.5. Mótun læsisstefnu – staða mála – afurð eftir veturinn
- 3.6. Teymiskennsla í Heiðarskóla. Starfsáætlanir teyma – hvernig gekk
- 3.7. Vinnumat grunnskólakennara – hvað var gert? – forsendur grunnþátta – vinnutímarammi
- 3.8 Tillögur að breytingum

3.2. Skýrslur verkefnastjóra og teyma

- 3.2.1. Umhverfismennt
- 3.2.2. Tækniþróun
- 3.2.3. Uppbygging

Aðrar skýrslur

- Húsvörður – öryggismál – viðhald og staða húsnæðis – helstu verkefni – tillögur að breytingum
- Yfirmaður gæslu og þrifa – skipulag – tillögur að breytingum – starfsdagar – hreingerning
- Deildarstjórar leikskólans -
- Náms- og starfsráðgjöf, hvað var gert?
- Matráðar – hvað var gert? – tenging við viðmið lýðheilsustöðvar – matseðlar – birgjar - aðstaða – endumenntun – tillögur að breytingum

3.3. Innra og ytra mat. Sjálfsmat – Gæðagreinar / Barnið í brennidepli

- 3.3.1. Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla
- 3.3.2. Aðferðir og framkvæmd matsins í Heiðarskóla
- 3.3.3. Þróunar- og umbótaáætlun Heiðarskóla 2015-2016
 - Framkvæmd þróunar og umbótaáætlunar, hvað var gert?
- 3.3.4. Meginniðurstöður úr starfsmannaviðtölum – Heiðarskóli
- 3.4. Sjálfsmat Skýjaborgar
 - 3.4.1 Þróunar- og umbótaáætlun Skýjaborgar 2015-2016
 - 3.4.2. Meginniðurstöður úr starfsmannasamtölum – Skýjaborg

Ytra mat.

Kannanir fræðslu- og skólanefndar
Skólapúlsinn, nemendur 6. – 10. bekk

3.4. Samstarf leik- og grunnskóla

Hvað var gert?

Tillögur að breytingum?

3.5. Sí- og endurmenntun – stefna – þriggja ára áætlun

3.5.1. Sí- og endurmenntun 2015-2016 – hvað var gert? Yfirlit

3.5.2. Tillögur að breytingum – áherslur næsta vetrar – teymisvinna / starfendarannsókn

Starfsmannadagatal 2016-2017

Þróunaráætlun næstu þriggja ára, endurskoða

4. Nám og kennsla – Nemendur

Kennslufyrirkomulag og fjöldi nemenda var eftirfarandi í vetur:

Heiðarskóli

- Kennara grunnskóla – hvað var gert í vetur? – áherslur í námi – nýbreytni – kennsluhættir – markmiðasetning nemenda – einstaklingsviðtöl – upplýsingaflæði (almennt og v. einstakra nemenda) – námsmat – kennsluaðstaða – tæki, töl, kennsluefni – samstarf við aðra kennara – samþætting námsgreina – náms- og kennsluáætlun (hvar var hún gerð, sýnileg, hvernig gekk að halda henni) - tenging við gildi skólans – tenging við markmið umhverfismenntar, tækniþróunar, uppbyggingarstefna, námstækni - tillögur að breytingum

Skýjaborg

4.1. Skýrsla um sérkennslu – umfang – sérfræðiþjónusta - hverjir koma að sérkennslu o.fl.

4.2. Skýrsla frá Skýjaborg

Skýrsla frá Heiðarskóla

Nemendaverndarráð

4.3.1 Uppeldi og menntun

Heiðarskóli

Skýjaborg

4.3.2 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Skýjaborg

Heiðarskóli

4.3.3 Samstarf við samstarfsaðila

4.3.4 Foreldrasamstarf

- foreldrafélag leik- og grunnskóla

5. Heiðarborg – yfirlit – notkun – mæting í almenning sund – húsnæði o.fl.

5.1. Tillögur að breytingum

6. Mánaðarskýrslur skólastjóra, ágúst 2015 – maí 2016

7. Mánaðarskýrslur skólastjóra veturinn 2014-2015

7.4. Mánaðarskýrsla skólastjóra – ágúst og sept 2014

5.ágú – Starfsmenn leikskólans mæta aftur til starfa, starfsdagur

6. ágú – Skýjaborg tekur aftur til starfa

11. ágú – Almennir starfsmenn mæta til starfa í Heiðarskóla

11. – 12. Ágú - Námskeið í Uppbyggingarstefnunni í Álfþanesskóla, Berglind Bergsdóttir, Jónella Sigurjónsdóttir, Árdís Hauksdóttir, Sunneva Hlín Skúladóttir og Arndís Halla Guðmundsdóttir fara.

13. ágú - námskeið í Brekkubæjarskóla - 6 plús 1 trait skriftaraðferðin, Ólöf fer

14. ágú – Endurmenntun hjá Heiðarskóla, skólaþróunarráðstefna Skólaþróunarfélagsins

15. ágú – Sameiginlegur starfsdagur Leik- og grunnskóla í Heiðarskóla.
Skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum og síðan óvissuferð.

15. – 17. ágú - Byrjendanám í tónlist. Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths efnir til málstofu og tilraunastofu dagana 15.-17. Ágúst „Hvernig er mögulegt að nálgast fyrstu skrefin í tónlistarnámi á skapandi, spennandi og gefandi hátt sem veitir rétta undirstöðu, kveikir áhuga en byggir hugsanlega á breyttum áherslum?“, Alexandra fer.

18. – 21. ágú – Undirbúningur fyrir veturinn, Heiðarskóli

18. ágú – Snjallari kennsluhættir með nútímataækni, ráðstefna Nýherja frá 13-16:00, Jón og Hjálmur fara

19. ágú – Námssefniskynning Námsgagnastofnunar í Menntavísindasviði HÍ

19. ágú – Námskeið fyrir matráða og heimilisfræðikennara hjá Sýni frá kl. 9-15 í Rek, Hjalta, Kata, Sigríður og Björk fara

19. ágú – Skólastjórafélag Vesturlands, fundur á Kleppjárnsreykjum kl. 14 – Jón fer

19. ágú – Námskeið um atferlismótun í Grundaskóla, Ólöf og Arndís Halla fara

20. ágú – Starfsmannafundur í Heiðarskóla kl. 10:00

21. ágú – skólaþing kl. 16:00 í Heiðarskóla í blíðskaparveðri

22. ágú – kennsla hefst samkvæmt stundaskrá í Heiðarskóla

1. Sept – kynning á Skyndihjálpi frá Rauða Krossinum fyrir alla nemendur skólans, ca. 30 á hvern hóp

1. sept – heimsókn frá Landvernd vegna Grænfánaverkefnis í Skýjaborg
1. sept – heimasíðufundur í Stjórnsýsluhúsinu, Kolla, Sigga Lára og Þórdís fóru
3. – 7. Sept – Samtök náttúru- og útiskóla (SNÚ) halda ráðstefnu dagana 3. - 7. september 2014 undir merkjum evrópskra samtaka sem heita The European Institute for Outdoor Adventure Education og Experiential Learning og í samvinnu við Menntavísindastofnun Háskóla, Helena fer
8. sept - „Hvað fékkstu á prófinu?“ - málþing Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál – Grand Hótel, Reykjavík kl. 10
10. sept – Ráðstefna epli.is – Apple learning event, Radisson Hotel Reykjavík
12. Sept – heimsókn í Heiðarskóla, starfsfólk Sjálandsskóla kemur, frá kl. 13-14:30.
15. sept – Foreldraviðtöl í Heiðarskóla
15. sept – nokkrir starfsmenn leikskólans fara á ipad námskeið
16. sept – Dagur íslenskrar náttúru, dagskrá í Fannahlíð
16. sept – Birtufundur í Fannahlíð hjá Skýjaborg og samstarfsskólum
17. sept. – Fjáröflunarfundur með foreldrum 9. og 10. Bekkjar kl. 20:00
17. sept. – Leiðtoganámskeið í Byrjendalæsi, Sigga Lára fer
18. sept. – Menntamiðja, Hjálmur fer
18. sept. – Fræðslu- og skólanefndarfundur kl. 17
18. sept – Kennarafundur kl. 14:30: Dr. Ingvar hittir yngsta stigs kennarana og byrjar vinnu við hæfniviðmiðin
19. sept – hálfur starfsdagur í leikskólanum
21. sep – Foreldrarkynningarvika í Skýjaborg
22. sept – Sameiginlegur starfsmannafundur Leik- og grunnskóla kl. 17:15. Rætt um skólanámskrá og starfslýsingar.
22. sept – Nemendaverndarráðsfundur kl. 10:00 í Heiðarskóla
22. sept – Kynning á námsfús.is kl. 14:30 í Heiðarskóla
22. – 24. sept – Samræmd próf hjá 10. bekk
23. sept – Grænlenstur kór kemur í heimsókn í leik- og grunnskólann, Alexandra heldur utan um

24. sept. – Kennarafundur. Ræða um Hvítbók Illuga, hvernig aukum við læsi, lesskilning og talnaskilning

25. sept. – Kennarafundur kl. 14:30. Teymi kynna skipulag og vinnu hvers teymis fyrir veturinn

25 – 26. sept. – Samræmd próf hjá 4. og 7. bekk

29. sept – 3. okt – Magga Sigga og Þórdís fara út til Eistlands vegna Nordplus verkefnis

29. sept. – Fundur með samstarfsskólunum á Vesturlandi kl. 10 í Borgarnesi

7.5. Mánaðarskýrsla skólastjóra – október 2014

- 1. okt. – Aðalfundur skólastjórafélags Vesturlands kl. 12:00, Jón fer
- 2. okt. – Fyrirlestur um Netfíkn fyrir nemendur og foreldra 6. – 10. Bekkjar frá kl. 20:00 í Heiðarskóla
- 6. okt. – skólastarf fellur niður vegna kaldavattsleysis í Skýjaborg
- 6. okt. – Fundur með forsvarsmönnum UMSB, Jón fer
- 7. okt. – Fögnarnir og öryggi. Fundur kl. 11:00 í Heiðarskóla, Jón, Marteinn, Bjarni og Ómar funda
- 7. okt – Forskóli tónlistar byrjar í leikskólanum
- 7. okt - Teymisfundir
- 8. okt – Samstarf leik- og grunnskóla hefst aftur
- 8. Okt – Starfsmannafundur í Leik- og grunnskóla. Kynning á eineltisáætlun sveitarfélagsins, annars vegar í Heiðarskóla kl. 15:00 og hins vegar í Skýjaborg kl. 16:30
- 9. okt. – Hólmfríður á Háskólanum á Akureyri kemur í heimsókn vegna Byrjendalæsis
- 10. okt – Starfsdagur í Heiðarskóla. Haustþing kennara verður haldið í Heiðarskóla.
- 10. – 11. okt – Aðalfundur SÍ á Selfossi, Jón fer
- 10. okt – Starfsdagur í Heiðarskóla. Fræðsla fyrir starfsfólk skólans um líkamsbeitingu frá kl. 8-10. Kaffihlé og meðlæti. Vinna hjá kennurum við hæfniviðmið frá kl. 10-12:00. Haustþing kennara verður haldið í Heiðarskóla frá kl. 13:00
- 13. okt – Drög að starfslýsingum starfsmanna leik- og grunnskóla sendar til umsóknar til fræðslunefndar
- 13. okt. – Trúnaðarmannafundur kennara, Einar S. fer
- 14. okt. – Heimasíðufundur í Stjórnsýsluhúsinu, Þórdís fer
- 14. okt. – Heimsókn í Akrasel, Bára og Magga Sigga fara frá Skýjaborg
- 17. okt. – Hálfur starfsdagur í Skýjaborg frá kl. 12. Umræðuefni; Nordplusferð og -verkefni skólans og undirbúningur fyrir foreldraviðtöl
- 16. – 17. okt – Vetrarfrí í Heiðarskóla
- 20. – 24. – 9. Bekkur í skólabúðirnar í Laugum í Sælingsdal

21. okt. – Fræðslu- og skólanefndarfundur kl. 17, Þórdís og Sigga Lára mæta fyrir hönd skólans
22. okt. – Formannafundur UMSB í Heiðarskóla seinni parts / kvöldfundur
27. okt. – Nemendaverndarráðsfundur kl. 10 í Heiðarskóla

7.6. Mánaðarskýrsla skólastjóra – Nóvember 2014

7. – 8. nóv. – Ársþing skólabróunarfélagsins í Mosfellsbæ, Jón fór
8. nóv. – Baráttudagur gegn einelti
10. – 14. nóv. – Þemavika í umhverfimennt í Heiðarskóla
12. nóv. – Kynningarfundur í Menntaskóla Borgarfjarðar kl. 15:00 um vinnumat, kennarar fara á fundinn
13. – 14. nóv. – Fræðsla um íslensk miðaldahandrit og handverksmenningu fyrir á öldum, heimsókn í Heiðarskóla, 6. – 7. Bekk.
12. nóv. – Sameiginlegur starfsmannafundur á miðvikudaginn kl. 17:15, m.a. verður fyrirlestur frá Siggu Dögg kynfræðingi um kynhegðun barna og unglunga. Léttar veitingar í boði.
13. nóv. - Furðufatapartý í Skýjaborg
16. nóv. – Dagur íslenskrar tungu
17. nóv. - Heilsuefling og forvarnir á vinnustöðum, Þórdís fer á námskeið
19. nóv. – Skólastjórafundur Skólastjórafélags Vesturlands á Snæfellsnesi, Jón fer
19. nóv. – Kata Rós fer fyrir hönd skólans á kynningu á Vinaliðaverkefninu í Reykjavík
19. nóv – Þórdís sviðsstjóri Skýjaborgar kynnir starf leikskólans fyrir eldri borgurum Hvalfjarðar í Fannahlíð
20. nóv. – Fræðslu- og skólanefnd kemur í stutta heimsókn í grunn- og leikskólann
20. nóv. – Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 25 ára afmæli.
21. nóv – „Leikhús í tösku“. Leiksýning á vegum foreldrafélagsins í Skýjaborg
21. nóv. – Leiksýning fyrir miðstig og elsta stigsnemendur „Stopp! Leikhópurinn“ sýnir leikrit um æsku Hallgríms Péturssonar eftir Valgeir Skagfjörð kl. 9:30
21. – 28. nóv. – Eldvarnarvika
24. nóv. – Fræðslu- og skólanefndarfundur kl. 17:00
25. nóv. – 3. bekkur í heimsókn á Slökkvistöðina á Akranesi
25. nóv. – fundur samstarfsskólanna í Laugagerðisskóla, Jón fer
25. nóv. – 3. bekkur í heimsókn á Slökkvistöðina á Akranesi

25. nóv – Kynningarfundur á nýrri kynslóð mentors. Borgarnes - Grunnskólanum í Borgarnesi

29. nóv – Jólaföndur foreldrafélagsins frá kl. 11-13 í Heiðarskóla

7.7. Mánaðarskýrsla skólastjóra – desember 2014

des. – Ritunaráttak í Heiðarskóla

1. des. – Nemendaverndarráðsfundur kl. 10 í Heiðarskóla

1. des. – Fullveldishátíð kl. 17:15 í Heiðarskóla

3. des. – Fræðslu- og skólanefndarfundur kl. 17 í Stjórnsýsluhúsinu, Jón fer

4. des. – Kennarafundur í Heiðarskóla. Hæfniviðmiðavinna, Ingvar kemur

4. des - Aðventumorgunkaffi í leikskólanum

4. des. – Jólhlaðborð starfsmanna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

5. des. – Skólafólk frá Kópavogi að koma í heimsókn í Heiðarskóla

8. des. – 10. bekkur ásamt starfsfólki sótti jólatré í Fannahlíð fyrir skólann

8. des. – Frammistöðumatið fer í loftið á morgun í Heiðarskóla, þarf að vera klárt hjá öllum umsjónarkennurum í dag

8. – 12. des. – Matarvigtunarvika í Heiðarskóla

8. – 16. des. Jólapróf í unglingadeild. Undirbúningur 50 mín, próf frá 9:30 – 10:50. 8.des-stæ / 9.des-nátt / 10.des-ens / 11.des-samf / 15.des-dan / 16.des-ísl.

9. des – Jólaball /-matur í leikskólanum

14. des – Tónleikar, Spangólandi úlfar og Svavar Knútur kl. 17:00

15. des - Jólaföndur í vikunni í Skýjaborg

15. – 19. des. – Frammistöðumat lagt fyrir foreldra í Heiðarskóla

17. des. – Brunaæfing eftir hádegi kl. 13:40 með nemendum og starfsfólki í Heiðarskóla

19. des. – Litlu jólin í Heiðarskóla

20. des. – jólafrí í Heiðarskóla

7.8. Mánaðarskýrsla skólastjóra – jan 2015

5. jan. – Starfsdagur í Heiðarskóla, unnið að sjálfsmati o.fl.

5. jan. – Stjórnendafundur í Heiðarskóla kl. 14, Jón, Þórdís og Sigga Lára. Stjórnendur eru með vikulegan fund í upphafi hverrar viku þar sem farið er yfir það sem er framundan.

7. jan – Jón Hilmarsson skólastjóri og Einar Sigurðsson trúnaðarmaður kennara fara á fund um vinnumat á Akranesi, vinnumatið kynnt og rætt um kosti þess og galla.

12. jan. – Forvarnarfræðsla í 10. bekk – Benni Kalli hitti nemendur og ræddi við þá um umferð, bílprófið og reynsluna af því að hafa slasast alvarlega í bílslysi sjálfur.

12. jan. – Matarvigtun í Heiðarskóla. „Sú hefð hefur skapast í Heiðarskóla að vigta af og til matarleifar í hádegismatnum. Þá vigtum við það sem hver og einn bekkur leifir. Í desember var vigtunavika og krakkarnir stóðu sig aldeilis vel. Nemendur í 4. 6. 7. 8. 9. og 10. bekk leifðu engu þessa viku. Með þessu verkefni erum við að vekja börnin til umhugsunar um þá sóun sem felst í því að leifa mat. Ef við fáum okkur minna á diskinn og klárum matinn okkar þá sparast peningur sem við getum nýtt í eitthvað annað. En það er einmitt það sem matráðarnir okkar ætla að gera, í viðurkenningarskyni fyrir að fara vel með matinn fá börnin óvæntan glaðning á næstunni.“

13. jan. – forskóli tónlistar byrjar aftur í leikskólanum, kennsla er að jafnaði einu sinni í viku fyrir 1. og 2. bekk auk elsta árgangsins í Skýjaborg. Alexandra tónmenntakennari heldur utanum kennsluna.

15. jan. – Foreldraviðtöl í Heiðarskóla. Nemendur mættu með foreldrum sínum í viðtöl. Mæting góð og almenn ánægja með námið og skólann.

16. jan – Varðeldur í Heiðarskóla. „Nemendur og starfsmenn Heiðarskóla áttu saman dásamlega sögustund við varðeld í morgunsárið. Oddur Örn í 6. bekk las frumsamda sögu um Skugga, Jóhanna í 8. bekk las söguna um Einfætta dátann, sagan var samin í átthagapemanu sem haldið var í haust og er eftir þær Jóhönnu, Jórunni og Brimrúnu í 8. bekk. Kjartan og Brynja Lind voru fulltrúar yngsta stigs og við fengum að heyra sögur eftir þau. Nemendur hlustuðu af athygli á þessar skemmtilegu sögur. Eftir sögustundina var boðið upp á heitt súkkulaði og það átti einstaklega vel við í kuldanum, gott að hlýja sér úti við varðeld og heitan drykk.“

19 – 23. jan. – 7. bekkur ásamt Helgu Harðardóttur umsjónarkennara í Skólabúðirnar í Hrótafirði

19. jan. – Byrjendalæsisnámskeið, Sigga Lára fer. Sigga Lára er að læra það að vera leiðtogi í byrjendalæsi en nauðsynlegt er fyrir hvern skóla að hafa leiðtog í byrjendalæsinu sem leiðir starfið áfram.

19. jan. – Skólahald felldi niður vegna óveðurs. Að jafnaði eru tilkynningar settar í fréttir RÚV kl. 7:30, á heimasíðu skólans og facebook síðu, sent sms og tölvupóstur gegnum mentor á forráðamenn og starfsmenn skólans. Þetta er að jafnaði gert fyrir kl. 7:30.

20. jan. – Teymisfundir – ipad-, umhverfis- og uppbyggingarteymi funda. Teymisfundir eru hálfsmánaðarlega. Flestir kennarar Heiðarskóla taka þátt í teymisvinnu.

22. jan. – Kennarafundur: Stigsfundir – yngst, mið og elsta stig ræða saman um verkefni innan stiga og nemendurna sjálfa. Stigsfundir eru mánaðarlega.

22. Jan. - iPad-námskeið fyrir foreldra barna í Heiðarskóla kl. 18:00

23. jan. – Kallakaffi í Skýjaborg, vel sótt gæðastund í leikskólanum af pöbbru, öfum og frændum.

26. jan. – Fundur með almennum starfsmönnum kl. 13:30-14:00. Farið m.a. yfir niðurstöður úr foreldraviðtölum

26. Jan. - Georg sjúkraþjálfari með námskeið í líkamsbeitingu í Skýjaborg fyrir starfsmenn leikskólans

28. Jan. – Mannauðsnámskeið hjá Dokkunni frá kl 9-12, Jón, Þórdís og Sigga Lára fara. Námskeiðið nýttist vel, starfsmannasamtölum var breytt eftir námskeiðið. Þrjú samtöl verða árlega með mismunandi áherslum til að veita betra aðhald, meta stöðu mál og horfa fram á veginn.

29. jan. – Skólahald felld niður vegna óveðurs

29. jan – Vetrarfundur Skólastjórafélags Vesturlands kl. 14 á Hótel Hamri, Jón fer

7.9. Mánaðarskýsla skólastjóra – febrúar 2015

2. – 6. feb – Ungt fólk 2015, rannsókn lögð fyrir í Heiðarskóla

2. feb. – Nemendaverndarráðsfundur leik- og grunnskólans í Heiðarskóla kl. 10:00. Á slíka fundi mæta; félagsmálastjóri, sálfræðingur, skólastjóri, sviðsstjórar, sérkennari, hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi (er í fæðingarorlofi núna). Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir mánaðarlega.

2. feb. – Uppbyggingarþema hefst hjá 1.-3. Bekk, stendur í eina viku. Tókst mjög vel, m.a. rætt um mitt og þitt hlutverk gagnvart öllum störfum í skólanum.

2. feb. – Tannverndarvika í leik- og grunnskólanum. Boðið upp á fræðslu tengda tannhirðu.

3. feb. – Byrjendalæsisfundur í Brekkubæjarskóla kl. 14-16, Byrjendalæsissteymi fer; Sigga Lára, Jónella, Björk og Berglind Bergsdóttir.

3. feb. – Jákvæð viðmið í stærðfræði, námskeið með Borgfirðingum. Einar, Helga, Hjálmur Dór og Örn sækja námskeiðið. Tveir aðrir námskeiðsdagar verða síðan í mars og apríl.

3. feb – Fræðslu- og skólanefndarfundur kl. 17 í Stjórnsýsluhúsinu

3. feb. – Fundur hjá Danmerkurförum kl. 20. Farið yfir dagskrá ferðarinnar og rætt um framhald í fjáröflun. Þeir starfsmenn sem fara með nemendum 9. – 10. Bekkjar verða; Jón Hilmarsson, Arndís Halla Guðmundsdóttir stuðningsfulltrúi og Ómar Örn Kristófersson smiðakennari.

5. feb. - Þorablót í leik- og grunnskólanum

5. feb. – Kennarafundur: Vinna við hæfniviðmið aðalnámskrár. Þetta er vinna sem gert er ráð fyrir að klárast fyrir vori og þá verður hægt að setja upp viðmiðin í mentor og vinna náms- og kennsluáætlanir þar.

6. feb. – Dagur leikskólans. Sýning með verkum nemenda leikskólans sett upp í Stjórnsýsluhúsinu

6. feb. – Ráðstefna í Ingunnarskóla: Starfshættir í grunnskólum, Jón fer

8. feb. – Skólanámskrá skólans send út á starfsfólk skólans, lokadrög. Einnig var sent út nýtt fyrirkomulag starfsmannasamtala og starfslýsingar skólans.

9. – 10. feb. – Starfsdagar í Leik- og grunnskólanum / sameiginleg skólaheimsókn. Farið var fyrst í Krikaskóla í Mosfellsbæ sem er leik-, grunn og frístundaskóli, næst skiptu skólarnir sér upp og leikskólinn frá í Krakkakot á Álftanesi og grunnskólinn fór í Dalskóla í Reykjavík. Gist var á Hótel Selfossi um nóttina og síðan haldið í Bláskógaskóla við Laugarvatn, þar er sameinaður leik- og grunnskólinn. Að lokum var Kerhólsskóli í Grafnings- og Grímsnesi heimsóttur, hann er einnig sameinaður leik- og grunnskóli. Ferðin var fróðleg og góð, bæði fyrir starfið og félagslega fyrir liðsandann.

11. feb. – heimsókn 10. bekkinga í FVA ásamt umsjónarkennara.

11. feb. – Starfsmannafundur í Heiðarskóla kl. 14:30. Mat á skólaheimsókninni.
12. feb. – Lífshlaupið hófst hjá nemendum og starfsfólki Heiðarskóla.
12. feb. - Marteinn Njálsson fer yfir áhættumat sveitarfélagsins og leik- og grunnskólans í Heiðarskóla fyrir starfsmenn, svipuð kynning verður síðan í Skýjaborg við tækifæri.
12. feb. – börnin í Skýjaborg bjuggu til fóður fyrir fuglana. „Í kuldatíðinni er mikilvægt að huga að smádýrunum sem eiga erfitt með að finna eitthvað matarkyns í snjónum. Við höfum verið dugleg að fóðra smáfuglana og hafa börnin ýmsar hugmyndir um það hvernig best sé að standa að því. Í morgun voru börnin að búa til fóður með því að smyrja mysing á hólka og rulla þeim síðan upp úr allskyns fræjum. Þau ætla síðan að hengja hólkana á trén og fylgjast með því hvaða fulgar koma. Einnig ætla þau að fylla appelsínuhelminga með ýmiskonar matarafgöngum sem búið er að velta upp úr smjöri til að gefa þeim.“
13. feb - Í dag var mikið fjör í Heiðarskóla þegar um 90 nemendur og starfsmenn tóku þátt í alheimsviðburðinum "Milljarður rís" en þá kemur fólk saman og dansar gegn kynbundnu ofbeldi. Í fyrra tóku um 3000 manns á Íslandi þátt í viðburðinum og talið er að einn milljarður manna hafi dansað í 207 löndum.
16. feb. – Bolludagur
16. feb. – Sönghópurinn Spangólandi Úlfar fara til Reykjavíkur að syngja á „Reykjavík peace festival“ í ráðhúsinu ásamt Alexöndru tónmenntakennara o.fl.
16. feb – danskennsla hefst, það er Jóhanna Árnadóttir frá Akranesi sem heldur utan um hana. Nemendur leik- og grunnskólans fá kennslu næstu vikurnar.
16. feb. – Starfsmannasamtöl fara af stað, fyrst í Heiðarskóla. Stefnt að því að klára þau í Skýjaborg um miðjan mars. Bæði skólastjóri og sviðsstjóri á hvorum stað taka þátt í samtölunum.
17. feb. – Sprengidagur
17. feb. – kynning fyrir 10. bekkina á Menntaskólanum í Borgarnesi, fer fram í Heiðarskóla
18. feb. – Öskudagur var haldinn hátíðlegur í leik- og grunnskólanum m.a. með því að slá köttinn úr seknum, klæðast búningum og syngja fyrir nammi og grænmeti og sýna hæfileika sína í hæfileikakeppni. Öskudagsböll voru einnig fyrir yngsta stigið á skólatíma og miðstigið eftir skóla í Heiðarborg.
20. feb. – Konukaffi í Skýjaborg, góð mæting í morgunverðarhlaðborð.
23. feb. – Framtíðarsýn nemenda 6. – 10. bekkjar í íþrótt- og æskulýðsmálum kl. 8:20. Formaður fræðslu- og skólanefndar Hjördís Stefánsdóttir kynnti vinnuna og setti hana af stað. Fundur með formanni fræðslunefndar kl. 9:00 í Heiðarskóla, Jón
23. – 27. feb. – Guðný Kristín í æfingakennslu í Heiðarskóla, áhersla á íslensku á mið- og elsta stig. Guðný verður samtals þrjár vikur í æfingakennslu.
25. feb. – skólahald fellt niður vegna óveðurs

25. feb. – Samstarf leik- og grunnskóla byrjar aftur, þ.e. heimsóknir elsta árgangs leikskólans í grunnskólann, færist til um eina viku vegna óveðurs
26. feb. – Kennarafundur kl. 14:30. Undirbúningur fyrir útikennslu mars settur af stað.
26. feb. – Umhverfisnefnd Heiðarskóla fundaði með umhverfisnefnd sveitarfélagsins þar sem m.a. var rætt um umhverfisvæna poka sem til stendur að gefa hverju heimili í Hvalfjarðarsveit.
27. feb. – Sigga Lára á námskeið hjá Endurmenntun HÍ fyrir hádegi
28. feb. – niðurstaða í kosningu kennara um vinnumatið kynnt. Vinnumatið var samþykkt. Unnið verður eftir því frá næsta hausti en undirbúningur hefst fljótlega.

7.10. Mánaðarskýrsla skólastjóra – mars 2015

Starfsmannasamtöl hafa farið fram í leik- og grunnskólanum í mars, stjórnendur á hvorum stað sinna samtölunum. Þegar þeim er lokið verður gerð skýrsla með helstu niðurstöðum samtálanna. Skýrslan verður opinber og verður að finna á heimasíðu skólans.

Mikið var að gera í mars vegna rekstrarlegrar og faglegrar úttekta á skólanum. Úttektaraðilar heimsóttu skólann og funduðu með starfsfólki auk þess sem fjölmörg gögn voru send til þeirra.

Áhersla var lögð á útikennslu í Heiðarskóla í mars, nýttir voru þeir dagar þar sem veðrið hélst þokkalegt til þess.

Heiðarskóla var beðinn um að leggja til efni í Borgfirðingabók og fór smá vinna í mars í að undirbúa og taka til efni í þá bók.

Skólaheimsóknir elsta árgangs leikskólans byrjuðu í mars, börnin koma í átta skipti í skólann í fylgd leikskólakennara. Börnin eru hálfan dag í senn.

Flestir dagar hafa verið nýttir til útiveru í Skýjaborg og einnig farið í stuttar vettvangsferðir um hverfið.

2. – 6. Mars – Þórdís og Magga Sigga úr Skýjaborg fóru á fund í Litháen vegna Norplusverkefnis sem leikskólinn er samstarfsaðili að.

3. mars – Aurelia Solovei hóf störf í Heiðarskóla, hún er í hálfu starfi sem almennur starfsmaður.

3. mars – Námskeið fyrir stærðfræðikennara þar sem eiginleikar íþad voru m.a. kynntir.

4. mars – Heimferð var flýtt í dag í Heiðarskóla vegna slæmrar veðurspár.

6. mars – Fundur skólastjóra og skipulagsfulltrúa vegna fyrirhugaðrar verkefna vinnuskólans á skólalóðum leik- og grunnskólans.

6. mars – Skólahreysti- og skautaferð til Reyjavíkur fyrir nemendur 4. – 10. Bekkjar. Farið var til Reyjavíkur til að hvetja lið Heiðarskóla í Skólahreysti, auk þess var farið á skauta og út að borða.

7. mars – íbúðing sveitarfélagsins í Heiðarskóla. Verkefni dagsins var stefnumótun í íþrótt- og æskulýðsmálum sveitarfélagsins.

9. – 20. Mars – Guðný Kristín nemendi í HÍ var í æfingakennslu í Heiðarskóla.

10. mars – heimferð var flýtt vegna slæmrar veðurspár.

12. mars – undankeppni stóru upplestararkeppninnar fór fram meðal 7. Bekkinga Heiðarskóla

13. mars – heimferð var flýtt vegna slæmrar veðurspár.

13. mars – Stærðfræðikeppni FVA var haldin eftir hádegi. Færri keppendur voru frá okkur en stóð til vegna veður. Einn keppandi frá okkur vann til verðlauna, afhending þeirra fer fram 18. Apríl.

17. mars – Stærðfræðinámskeið í Borgarnesi, Einar, Helga, Örn og Hjálmur sóttu námskeiðið.

18. mars – Fundur skólaráðs í Heiðarskóla.

18. mars – Jón skólastjóri kynnti starf skólanna á félagsmiðstöðvarkvöldi eldri borgara í Fannahlíð.

19. – 20. Mars – Námskeið vegna vinnumats grunnskólakennara, Jón og Sigga Lára sóttu námskeiðið.

19. mars – úrslit Stóru upplestarkeppinnar fór fram í Laugagerðisskóla. Helga Harðardóttir fór með keppendur og hreppti sigurvegari okkar 3. Sæti í Vesturlandskeppninni.

20. mars – Sólmyrkvi. Allir nemendur og starfsfólk skólanna fylgdu með.

20. mars – Pisakönnun í Heiðarskóla meðal 10. Bekkinga.

23. mars – Danssýning í Skýjaborg og Heiðarskóla. Þar með lauk nokkurra vikna danskennslu sem Jóhanna Árnadóttir stýrði. Dansinn tókst mjög vel og voru nemendurnir áhugasamir.

23. mars – Afending verðlauna fyrir Stóru upplestrarkeppnin fór fram í skólanum meðal 7. Bekkinga. Þeir stóðu sig allir vel og varð sigurvegari keppinnar okkar í 3. Sæti í Vesturlandskeppninni.

23. mars – Fræðslu- og skólnefndarfundur í Stjórnsýsluhúsinu.

23. mars – Spilakvöld í Heiðarskóla á vegum foreldrafélagsins. Það voru starfsmenn á vegum spilavina sem héldu utan um dagskránnu, fróðlegt og skemmtilegt kvöld þar sem fólki og nemendum gafst tækifæri á því að prufa og læra á mismunandi spil.

26. mars – Árshátíð Heiðarskóla var haldinn hátíðleg í sal skólans. Dagskráin var fjölbreytt að vanda. Sýningin „Með sumt á hreinu“ var sýnd, nemendur í tónlistarnámi komu fram, formaður nemendaráðsins flutti ávarp, páskaeggja happdrættið var á sínum stað eins og hið margrómaða veisluhlaðborð. Árshátíð tókst með ágætum og var fjölmenni á henni.

27. mars – Náttfatadagur í Heiðarskóla

28. mars – Páskafrí í Heiðarskóla

7.11. Mánaðarskýrsla skólastjóra – apríl 2015

1. – 7. apr. – páskafrí
8. apr. – Elsti árgangur leikskólans í Heiðarskóla ásamt kennara.
8. apr. – Fyrirlestur og námskeið frá Proactive í Heiðarskóla fyrir alla starfsmenn Leik- og grunnskólans.
8. apr. – stærðfræðinámskeið á Kleppjárnsreykjum í samstarfi við samstarfsskólana á Vesturlandi, Helga og Einar fóru – Örn og Hjálmur komust ekki.
9. apr. – Dagur barnabókarinnar, ýmislegt gert í báðum skólum í tilefni dagsins.
9. – 11. Apríl – Vorferð skólastjórafélags Vesturlands til Akureyrar. Í heimsókninni voru nokkrir skólar skoðaðir auk þess sem fræðslustjórinn kynnti starf sitt og hvað er að gerast helst á Akureyri, Jón fór í ferðina.
10. apr. – Sundnámskeið ungmennafélagsins hófst í Heiðarborg fyrir elstu nemendur leikskólans og yngsta stig grunnskólans.
13. apr. – Skypefundur hjá byrjendalæsisfólki Heiðarskóla með leiðbeinendum frá HA.
13. apr. – Afhending reiðhjólaihjálmna til allra nemenda í 1. bekk eftir skóla.
14. apr. – Birtufundur í Akraseli, verkefni sem Skýjaborg er þátttakandi í. Þórdís fór.
14. – 15. Apr. – Ráðstefna og vinnubúðir um Vandinám hjá Keili í Reykjanesbæ. Hjálmur Dór verkefnastjóri tækniþróunar var með eina málstofu. Jón, Helga, Einar og Hjálmur sóttu ráðstefnuna og Hjálmur og Jón sóttu vinnubúðirnar daginn eftir.
15. apr. – Sameiginlegur umhverfisfundur leik- og grunnskólans í Heiðarskóla.
16. apr. – Vinnubúðir sem Hjálmur Dór skipulagði fyrir skóla á Vesturlandi, búðirnar voru haldnar í Brekkubæjarskóla og var þemað ýmiskonar tækni í skólastarfi. Búðirnar tókust vel, góð mæting og ánægja með skipulag og efnistöð.
18. apr. – Verðlaunaafhending fyrir stærðfræðikeppni FVA í FVA þar sem Logi Örn vann til verðlauna í 10. Bekk – 2. Sæti.
20. apr. – nemendaverndarráðsfundur í Heiðarskóla
20. apr. – Samspil námskeið í Borgarnesi, Hjálmur Dór fór
20. apr. – Fræðslu- og skólanefndarfundur í Stjórnsýsluhúsinu.
21. apr. – Fundur fræðslu- og skólanefndar vegna stefnumótunar í íþrótt- og æskulýðsmálum. Óskað eftir fulltrúum nemenda og skólastjóra.
22. apr. – Sigga Lára hitti leikskólakennara og ræddi við þá um byrjendalæsi. Sigga Lára er í leiðtoganámi í byrjendalæsi.

22. apr. – Dagur umhverfis í Heiðarskóla. Ráðstefna og útivinna.
22. apr. – Heimsókn frá starfsfólki leikskólans Bjartahlíðar í Skýjaborg.
22. apr. – Unnið með vinnumatið á kennarafundi, forsendur grunnþátta
23. apr. – Sumardagurinn fyrsti, frí í skólanum
27. apr. – Dagur umhverfis í Skýjaborg.
28. apr. – 1. Bekkur heimsótti leikskólann
28. apr. – Leik- og grunnskólinn fékk úthlutað 900þús frá Sprotastjóði til að vinna að innleiðingu teymiskennslu næsta vetur.
29. apr. – Vinna við vinnumat grunnskólakennara, hópavinna við A-B-C hlutann
30. apr. – Kennari úr Áslandsskóla kom í heimsókn til að kynna sér spjaldtölvuvæðingu Heiðarskóla.
30. apr. – Nokkrir fyrrverandi skólastjórar á Vesturlandi komu í heimsókn í skólann, fengu fræðslu um starfið og borðuðu hádegismat.
30. apr. – Aðalfundur uppbyggingarskóla á Íslandi, Sigga Lára fór og var með erindi um það sem Heiðarskóli er að gera í uppbyggingarmálum.
30. apr. – Lyngbrekkuball samstarfsskólanna á Vesturlandi fyrir nemendur í 8. – 10. Bekk.
30. apr. – Teymin kynnt í Heiðarskóla, þ.e. hverjir eru í hvaða teymi næsta vetur.
- Í apríl fóru nemendur unglingastigsins í svokallað Skýjaborgarval, valgrein sem er einskonar starfskynning á leikskólastarfi. Mikil ánægja nemenda og starfsmanna leikskólans með þetta verkefni.
- Stjórnendafundir skólastjórnenda eru vikulegir, alla mánudaga kl. 9:00 í Heiðarskóla. Á þeim fundum er m.a. farið yfir síðustu viku og vikan framundan rædd og skipulögð. Jón, Þórdís og Sigga Lára sitja þessa fundi.

7.12. Mánaðarskýrsla skólastjóra – maí og júní 2015

- 1.maí – frí í skólanum
- 5. maí – Foreldra- og nemendafundur vegna Danmerkurferðar í Heiðarskóla
- 6. – 7. Maí – Sjálfsmatsvinna í Heiðarskóla
- 7. maí – Vorskólakynning fyrir börn og foreldra í Heiðarskóla
- 7. maí – Hjálmur fór í Áslandsskóla til að kynna spjaldtölvuverkefni okkar
- 7. maí – „Óformlegur“ fundur hjá fræðslu- og skólanefnd
- 10. – 16. Maí – Skólaferð 9.-10. Bekkjar til Danmerkur. Jón, Ómar og Arndís Halla fóru með.
- 13. maí – Vorskóli elsta árgangs leikskólans hófst í Heiðarskóla. Katrín Rós tók á móti börnunum.
- 13. maí – Tónlistarskólakynning frá Tónlistarskólanum á Akranesi
- 13. maí – Námskeið í Heiðarskóla „Skrifa sig til læsis“
- 14. maí – Uppstigningardagur, frí í skólanum
- 15. maí – Útskrift leikskólabarna
- 18. maí – Vorskólinn
- 18. maí – Nemendaverndarráðsfundur
- 19. – 25. Maí – Starfskynningar 10. Bekkinga
- 19. maí – Skilafundur úttektaaðilar í Stjórnsýsluhúsinu fyrir stjórnendur, Jón, Þórdís og Sigga Lára sátu fundina þrjá. Liðan, rekstrarleg og fagleg úttekt.
- 19. maí – Aðalfundur foreldrafélagsins haldinn í Skýjaborg
- 20. maí – Síðasti dagur vorskólans
- 20. maí – „Ber það sem eftir er“. Fræðsla fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk Heiðarskóla um „Sexting“ á netinu – ábyrga netnotkun.
- 21. maí – Survivordagurinn í Fannahlíð
- 21. maí – Vorferð Skýjaborgarstarfsmanna
- 22. maí – Vorferð Heiðarskólstarfsmanna
- 26. maí – Gróðursetningardagur í Heiðarskóla
- 26. – 28. Maí – Hjóladagar í Heiðarskóla

26. maí – Gídeonfélagar afhentu Nýja Testamentið eftir skóla í Heiðarskóla
27. maí – fundur samstarfsskólanna í Brekkuhvamm, Jón fór
27. maí – Útskriftarferð leikskólans til Akraness
28. maí – Hjóladagur í Skýjaborg
28. maí – vorhátíð foreldrafélagsins í Fannahlíð, m.a. boðið upp á Línu langsokk, útileiki og grill.
29. maí – Íþróttadagur í Heiðarskóla
1. júní – Vorferðir 1. – 8. Bekkjar.
1. jún – umsóknarfrestur rann út hjá endurmenntunarsjóði grunnskóla. Heiðarskóli sendi inn umsókn sem hafði með upplýsingatæknimennt að gera.
1. jún – „Brunch“ með eldri borgurum úr Hvalfirði. Danmerkurfarar buðu til kynningar á ferðinni sinni og hádegisverðar.
2. jún – Starfsdagur í Heiðarskóla
2. jún – Skólaslit í Heiðarskóla
3. – 5. Jún – Starfsdagar í Heiðarskóla
5. jún – Rekstrar- og fagleg úttekt kynnt fyrir starfsfólki leik- og grunnskólans
8. – 12. Jún – Nordplus fundur á Íslandi, þátttakendur í verkefni Skýjaborgar sem koma frá Lettlandi, Litháen, Eistland og Noregi funda í Hvalfirði.
9. jún – Nokkrir kennarar úr Heiðarskóla fóru á námskeið „Leikur að læra“ á Spáni
10. jún – Skil á Hagstofuskýrslu
12. jún – Síðasti vinnudagur flestra almennra starfsmanna í Heiðarskóla fyrir sumarfrí.
17. jún – Heiðarskóli nýttur til hátíðarhalda